Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga

# Fornleifaskráning á Héraði 2015



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2016/166

*Forsíðumynd: Horft til suðvesturs yfir Brattagerði á Jökuldal*

**© Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga**
**Byggðasafn Skagfirðinga**

**EFNISYFIRLIT**

**INNGANGUR** .......... **2**
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR .......... 2
AÐFERÐARFRÆÐI .......... 3

**FORNLEIFASKRÁ** .......... **5**
ÞÓRSNES Í LANDI KOLLSSTAÐA Á VÖLLUM .......... 6
*Ágrip af sögu* .......... *6*
*Minjar 2015* .......... *6*
EINARSSTAÐIR Í LANDI EYJÓLFSSTAÐA Á VÖLLUM .......... 10
*Ágrip af sögu* .......... *10*
*Minjar 2015* .......... *10*
HÁTÚN Í LANDI TUNGHAGA Á VÖLLUM .......... 17
*Ágrip af sögu* .......... *17*
*Minjar 2015* .......... *17*
HRAUNGERÐI Í LANDI MÚLASTEKKS Í SKRIÐDAL .......... 29
*Ágrip af sögu* .......... *29*
*Minjar 2015* .......... *29*
MÚLAÞING Í LANDI ÞINGMÚLA Í SKRIÐDAL .......... 32
*Ágrip af sögu* .......... *32*
*Minjar 2015* .......... *33*
HAUGAR Í SKRIÐDAL .......... 41
*Ágrip af sögu* .......... *41*
*Minjar 2015* .......... *41*
BESSASTAÐIR Í FLJÓTSDAL .......... 43
*Ágrip af sögu* .......... *43*
*Minjar 2015* .......... *43*
BRATTAGERÐI Á JÖKULDAL .......... 46
*Ágrip af sögu* .......... *46*
*Minjar 2015* .......... *46*
ÞORGERÐARSTAÐIR ÞORGERÐARSTAÐADALUR Í FLJÓTSDAL .......... 54
*Ágrip af sögu* .......... *54*
*Minjar 2015* .......... *54*
KIÐJAFELLSÞING OG FELLSHÚS (FELL) Í FLJÓTSDAL .......... 62
*Ágrip af sögu* .......... *62*
*Minjar 2015* .......... *63*
GOÐANES Í LANDI HOFTEIGS Á JÖKULDAL - ÁGRIP AF SÖGU .......... 65
*Minjar 2015* .......... *65*
KIÐUTÆTTUR Í LAND FREYSHÓLA Í SKÓGUM .......... 72
*Ágrip af sögu* .......... *72*
*Minjar 2015* .......... *72*

**VALLANES** .......... **75**
*Ágrip af sögu* .......... *75*

**SAMANTEKT** .......... **80**
FORNBÝLI .......... 80
MÖGULEGIR ÞINGSTAÐIR .......... 82
AÐRAR MINJAR .......... 83
MINJAR SEM HENTA TIL KYNNINGAR OG RANNSÓKNA .......... 84

**NIÐURLAG** .......... **84**

**HEIMILDASKRÁ** .......... **86**

## Inngangur

Síðsumars 2015 var gerð fornleifaskráning á Héraði í tengslum við ritun Hjörleifs Guttormssonar á Árbók Ferðafélags Íslands um Upphérað sem mun koma út 2018. Skráningin var unnin fyrir Hjörleif af starfsmönnum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga. Styrkur fékkst úr Fornminjasjóði til verksins sem var unnið í ágústmánuði.

Skráðar voru minjar á völdum stöðum á Uppphéraði en ekki var um að ræða heildarskráningu jarða eða svæða heldur voru einungis teknir fyrir staðir og minjar sem sérstaklega verður fjallað um í Árbókinni með tilliti til fornleifa.

Að vettvangsskráningunni komu Bryndís Zoëga landfræðingur, Guðný Zoëga fornleifa-fræðingur, Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur og Einar Hjörleifsson haffræðingur. Hjörleifur kom að samantekt um frumheimildir en skýrsluskrif voru í höndum Guðnýjar og Bryndísar. Bryndís vann allar yfirlitsmyndir.

Við viljum þakka kærlega landeigendum og öllum þeim sem lögðu okkur lið við skráningarvinnuna.

Minjastofnun Íslands úthlutaði verkefninu verknúmerið: 1791.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:
„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim."

**3. gr.**
Fornminjar.
Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...]
Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna,

bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

**6. gr.**
Rannsóknir á fornleifum.
Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.[1]

## Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Þar sem ekki var um heildarskráningu jarða að ræða var ekki farið í mjög ítarlega ritheimildavinnu eða samantekt á sögu jarða. Stuðst var við gögn frá Hjörleifi Guttormssyni og leitað í frekari heimildir þar sem þurfa þótti.

Í skýrslunni fá allar fornleifar verkefnisnúmer sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer, t.d. fær túngarður við Þórsnes í landi Kollsstaða raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer (auðkennt Kollsstaðir – 1791-1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Þar sem sama verknúmer gilti yfir allar jarðir sem skráð var á er haldið áfram með hlaupandi númeraröð milli jarða.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar:

[1] Heimasíða Alþingis. http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html. Skoðuð þann 14.12.2015.

www.minjastofnun.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble Geo7 XH) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju. Öllum gögnum er skilað inn til Minjastofnunar Íslands.

Yfirlitsmyndir af minjum og minjaheildum er að finna í kafla um viðeigandi jarðir. Aftast í skýrslu er svo tafla þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## Fornleifaskrá




*Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir legu minja sem skoðaðar voru á vettvangi 2015.*

## Þórsnes í landi Kollsstaða á Völlum

### *Ágrip af sögu*

Jörðin Kollsstaðir er næsta jörð innan Egilsstaða. Hún var frá öndverðu í bændaeign en 1904 var hún lögð undir býlið Egilsstaði. Í landi jarðarinnar er nesoddi sem ber nafnið Þórsnes og segja þjóðsögur að þar hafi rekið á land Þórslíkneski frá Bessastöðum í Fljótsdal. Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi (II, bls. 197) er vitnað í handrit Halldórs Stefánssonar yfir sagnaörnefni í Múlaþingi þar sem segir: „Þórsnes er nefndur nesoddi við Lagarfljót nokkuð inn frá Egilsstöðum á Völlum. Þar er klettahæð lítil og tóttamenjar í kring, umgirtar. Nafnið og mannvirkin benda til að þarna hafi verið Þórshof".




*Mynd 2. Yfirlitsteikning af minjum við Þórsnes.*

Þórsnes liggur til norðurs fram í Lagarfljót 1,8km suðvestur frá Egilsstaðabýlinu. Minjarnar liggja vestan klettahöfða 530m neðan (norðan) þjóðvegar inn Velli. Í þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar (VI, bls. 10-11) er sagt frá Spak-Bersa, landnámsmanni á Bessastöðum í Fljótsdal. Eftir að hafa tekið kristna trú á Bersi að hafa kastað goðum sínum í Bessastaðaá og rak þau út Lagarfljót. Þórslíkneskið á að hafa rekið að landi þar sem Þórsnes er nú. Á seinni hluta 19. aldar voru haldnir sameiginlegir sýslufundir á Þórsnesi (Austurland III, bls. 88-93).

### *Minjar 2015*

Forn en virkjamikill túngarður afmarkar 0,9 hektara tún vestan í klettaási og hallar því til vesturs. Fyrir miðju túni er aflöng, mögulega fjórskipt, tóft. Tóftin lá norðvestur-suðaustur og hafa dyr verið á vestur langhlið. Tóftin lá á upphækkun og óglögg veggjalög út frá henni benda til undirliggjandi eldri bygginga. Gróður á tóftinni bendir til að hún sé yngri en túngarðurinn umhverfis. Einungis tvær tóftir aðrar fundust innan túngarðs en svæðið er þakið kjarrgróðri og stórþýft. Um 63m langt garðbrot liggur í boga til austurs frá austasta hluta

túngarðsins. Garðurinn virtist jafnaldra túngarðinum en tilgangur hans er óljós. Annar garður liggur upp að suðurhlið túngarðsins og þaðan til vesturs í átt að Fljótinu. Þar tekur garðurinn um 90° beygju og sést á kafla út meðfram fljótsbakkanum. Einnig voru skráðar óljósar tóftir sunnan býlisins. Svæðið er stórþýft og þar er mikill lynggróður. Það má því ætla að einhverjar minjar kunni að hafa farið framhjá skrásetjurum.

**Kollsstaðir-1791-1**
**Hlutverk**: Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Suðvestan við Þórsnes er klettahæð og sunnan hennar tóftir og garðlög, að líkindum fornbýli umgirt túngarði.
**Lýsing**
Garðlagið er í heild rúmlega 400m langt og afmarkar um 0,9 ha svæði. Það er mjög jarðsokkið og gróið en greinanlegt nálega allan hringinn nema á kafla til austurs. Nyrsti hluti túnsins er aflokaður með þvergarði sem liggur austur/vestur og myndar þríhyrnt hólf. Garðlagið er gróið grasi, lyngi og mosa. Það er um tveggja metra breitt er 20-50sm hátt.

**Kollsstaðir-1791-2**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Suðvestan við Þórsnes er klettahæð og sunnan hennar tóftir og garðlög, að líkindum fornbýli umgirt túngarði. Fyrir miðju túninu er aflöng tóft, líklega skáli.
**Lýsing**
Tóftin er þrí- eða fjórskipt og snýr norðvestur/suðaustur langsum eftir ásnum, 7x25m að utanmáli. Hún er algróin grasi og mosa. Veggir eru 30-70sm háir og um 2m á breidd. Grónar hleðslur eru utan með tóftinni að norðaustan og að sunnan á nokkrum stöðum og gætu hafa verið litlar byggingar eða leifar eldri bæjar. Dyr eru á langvegg mót suðvestri og eru það einu dyrnar sem sjást út úr byggingunni en innangengt er á milli hólfa.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin er yngri en túngarðurinn og aðrar tóftir í og við túngarð og virðist byggð ofan á eldri minjum.

**Kollsstaðir-1791-3**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt
**Tegund:** Tóft, náttúrulegt
**Staðhættir**
Nyrst í túninu, upp við túngarðinn [1791-1] er mjög jarðsokkin tóft og óglögg.
**Lýsing**
Meint tóft snýr norður/suður og er 5x12m að utanmáli. Veggir eru 20-40sm háir og um 1,5m á breidd, grasi, mosa og lyngi grónir. Þeir eru þýfðir og tóftin fremur ógreinileg og því ekki hægt að útiloka að um náttúrumyndun sé að ræða

**Kollsstaðir-1791-4**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Vestur af fornbýlinu eru lyngmóar niður að Lagarfljóti. Í þessum móum liggur fornt garðlag.
**Lýsing**

*Mynd 3. Horft yfir garðlag [1791-5] sem liggur í boga til austurs frá túngarði utan um bæjartóftir á Þórsnesi.*

Garðlagið er samtals um 210m langt. Vestasti hluti þess liggur nokkurn veginn norður/suður samsíða bakka Lagarfljóts og er frekar óglöggur og á kafla er notast við náttúrulegan grjótkamb. Hann liggur að læk sem rennur í Lagafljót úr austri. Sunnan lækjarins er garðurinn mun gleggri og áfram til suðurs á tæplega 30m kafla þar til hann beygir til austurs. Þannig er hann á um 100m kafla og þá tekur aftur við óglöggur hluti í sveigju til norðausturs og endar við túngarð fornbýlisins [1791-1]. Garðurinn er mest um 2m á breidd og 20-50sm hár, mjög þýfður og hverfur alveg á köflum.
**Aðrar upplýsingar**
Tilgangur þessa garðs er óþekktur en mögulega hefur hann afmarkað mun stærra tún, um 2,6ha. Hvort garðurinn er eldri eða yngri en sá sem umlykur bæjarstæðið er ekki ljóst en útlit og gróðurfar benda til að garðarnir getið verið svipað gamlir.

**Kollsstaðir-1791-5**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Suðaustan við túngarð [1791-1] er annað garðlag

**Lýsing**
Garðurinn liggur í hálfboga og er greinanlegur á um 60m löngum kafla. Hann er jarðsokkinn, um tveggja metra breiður og rétt um 50sm hár, mjög vaxinn lyngi.
**Aðrar upplýsingar**
Gæti hafa verið hluti af stærri túngarði [1791-4] en garðurinn hverfur í móanum og ekki hægt að fullyrða neitt þar um.

**Kollsstaðir-1791-6**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Vestast í túninu, tæplega 40m vestur af tóft nr. 1791-2 er tóft áföst túngarðinum 1791-1.
**Lýsing**
Tóftin er 2x2,5m að innanmáli, veggir mjög jarðsokknir og lyngi vaxnir. Hæð veggja 30sm, þykkt 1m. Tré vaxa í tóftinni. Dyr hafa verið til austurs.

**Kollsstaðir-1791-7**
**Hlutverk:** Óþekkt, kolagrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Fast innan við garðlag nr. 1791-5 eru tveir kringlóttir niðurgreftir.
**Lýsing**
Niðurgreftirnir gætu verið leifar tveggja óljósra smá tófta, en þeir líktust fremur kolagröfum sem víða finnast á Héraði.

**Kollsstaðir-1791-8**
**Hlutverk:** Óþekkt, heytóft
**Tegund:** Tóft, náttúrulegt
**Staðhættir**
Sunnan lækjar, tæpa 160m suðaustur af túngarðinum [1791-1] er tóft, mögulega heytóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norður/suður og er 5x9,5m að utanmáli og virðast vera dyr til suðurs. Veggir eru 20-40sm háir og breidd um 1m. Þeir eru grasi og mosa grónir.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin virðist vera yngri en minjar sem tilheyra fornbýlinu. Hleðslur eru mögulega norðaustan við tóftina.

## Einarsstaðir í landi Eyjólfsstaða á Völlum



*Mynd 4. Horft til vesturs yfir beitarhús og bæjarstæði á Einarsstöðum. Þvert yfir mynd liggur túngarðurinn en tóftir fyrir miðri mynd eru rústirnar af beitarhúsum frá Eyjólfsstöðum.*

### *Ágrip af sögu*

Einarsstaðir eru uppi undir fjalli í neðri jaðri Eyjólfsstaðaskógar innan við Kaldá. Einarsstaðir voru að líkindum hjáleiga frá Eyjólfsstöðum sem fór í eyði um miðja 18. öld (SJM II, bls. 172). Í jarðatali Johnsens (1847, bls. 370) segir að jörðin Einarsstaðir sé nytjuð frá Eyjólfsstöðum 1804. Aðrar heimildir eru ekki til um byggð á Einarsstöðum. Orlofsbyggð Alþýðusambands Austurlands á Einarsstöðum liggur í Eyjólfsstaðaskógi og er kennd við býlið en tóftir bæjarins eru neðan við orlofsbyggðina nyrst á svæðinu.

### *Minjar 2015*

Vel varðveittar menjar bæjar er að finna á sléttlendi vestan Kaldár norðvestan leiksvæðis nyrst í orlofshúsabyggðinni. Stæðilegur túngarður afmarkar tún sem er 160m frá austri til vesturs og 160m frá norðri til suðurs og afmarkar 1,9 hektara. Austan og neðan til í túninu er að finna upphækkun sem er 27x20m að utanmáli og mátti þar greina veggjalög en mikill gróður var í tóftunum og því erfitt að ákvarða innra skipulag með nákvæmni. Ofan á bæjartóftinni eru vel glöggar tóftir beitarhúsa frá Eyjólfsstöðum sem voru í notkun fram um 1920-1930 (SJM II, bls. 172). Nokkrar fornar tóftir er að finna innan túngarðs og 68m vestur af bæjarhólnum lá beinn garður frá norðri til suðurs og hefur skipt upp gamla túninu og vera kann að hann hafi verið reistur í tengslum við beitarhúsin.

## Eyjólfsstaðir-1791-9




*Mynd 5. Yfirlitsteikning af minjum á Einarsstöðum.*

**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Þúst
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**
**Staðhættir**
Fornbýlið Einarsstaðir eru í neðri jaðri Eyjólfsstaðaskógar, vestan við norðurenda orlofsbyggðarinnar. Túngarður umlykur býlið og innan hans eru nokkrar tóftir. Stærst er beitarhúsatóft [1791-10] sem er austanvert í túninu, hún stendur á leifum gamla bæjarins.
**Lýsing**
Tóftir beitarhúsa [1791-10] liggja í lengju frá norðri til suðurs ofan á leifum gamla bæjarins. Vestan þeirra eru veggjabrot og mishæðir sem eru leifar húsa í bæjarþyrpingunni. Þessar veggjaleifar liggja undir vesturhluta beitarhúsanna. Upphækkunin undir beitarhúsunum er 27x20m að ummáli. Nokkur veggjabrot og þústir liggja undan beitarhúsunum að vestan. Veggirnir eru mest um 40sm háir og 50sm breiðir.

## Eyjólfsstaðir-1791-10
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**
**Staðhættir**

Fornbýlið Einarsstaðir eru í neðri jaðri Eyjólfsstaðaskógar, vestan við norðurenda orlofsbyggðar Alþýðusambands Austurlands. Túngarður [1791-11] umlykur býlið og innan hans eru nokkrar tóftir. Stærst er beitarhúsatóft sem er austanvert í túninu, hún stendur á leifum gamla bæjarins.

**Lýsing**

Beitarhúsin liggja í lengju frá norðri til suðurs. Þrjár stærri tóftir liggja austur-vestur og eru dyr á þeim til vesturs. Tvær nyrðri tóftirnar eru af tvístæðum fjárhúsum en þriðja tóftin og sú syðsta er af rétt. Norðan tóftanna eru áfastar leifar tveggja kofa. Þvert aftan við tóftirnar austanverðar liggur svo hlöðutóft. Veggir húsanna eru um metri á breidd og allt að 1m á hæð. Grjót sést enn í veggjum.

**Aðrar upplýsingar**

Tóftirnar liggja ofan á leifum gamla bæjarins og liggja því nokkuð hátt. Vestan þeirra eru veggjabrot og mishæðir sem eru leifar húsa í bæjarþyrpingunni. Þessar veggjaleifar liggja undir vesturhluta beitarhúsanna.

**Eyjólfsstaðir-1791-11**

**Sérheiti:** Einarsstaðir

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Mikil hætta vegna gróðurs/landbrots.** Garðurinn er í jaðri Eyjólfsstaðaskógar og vaxa tré í honum á nokkrum stöðum bæði sunnan og norðan vert. Auk þess rennur Kaldá meðfram norðausturhorni túnsins og virðist þegar hafa brotið af túngarðinum.



*Mynd 6. Hluti túngarðs [1791-11] á Einarsstöðum er að hverfa í skóg. Horft í norður.*

**Staðhættir**

Fornbýlið Einarsstaðir er í jaðri Eyjólfsstaðaskógar, vestan við norðurenda orlofsbyggðar Alþýðusambands Austurlands. Túngarður umlykur býlið.

**Lýsing**

Túngarðurinn er í heildina tæplega 530m langur og túnið innan hans er rétt rúmlega 2 ha að stærð. Hann er glöggur nema á köflum að norðanverðu þar sem aðeins sjást útlínur og norð-austurhornið er alveg horfið á kafla þar sem að Kaldá rennur meðfram túninu. Garðurinn er algróinn grasi og mosa, 1,2m hár þar sem hann er hæstur og mest um 2m á breidd.

**Eyjólfsstaðir-1791-12**

**Sérheiti:** Einarsstaðir

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Mikil hætta vegna gróðurs/landbrots.** Garðurinn er í jaðri Eyjólfsstaða skógar og vaxa tré á honum og við hann.

**Staðhættir**
Fornbýlið Einarsstaðir eru í neðri jaðri Eyjólfsstaðaskógar, vestan við norðurenda orlofsbyggðar Alþýðusambands Austurlands. Túngarður [1791-11] umlykur býlið og áfast honum að vestan er annað garðlag.
**Lýsing**
Garðurinn liggur þvert yfir vestasta hluta túnsins. Hann er tæplega 150m langur og myndar hólf sem er rúmlega 2600 $m^2$ að stærð (0,2 ha). Garðurinn er hæstur rúmlega metri og mest um 2m á breidd, algróinn grasi og mosa og vaxa tré bæði á garðinum og umhverfis hann.
**Aðrar upplýsingar**
Garðurinn virðist yngri en túngarðurinn sjálfur, líklega hlaðinn til að minnka tún eða til að afmarka gripheldi af einhverju tagi, mögulega nátthaga. Þessi garður kann líka að tengjast beitarhúsunum.

**Eyjólfsstaðir-1791-13**
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.** Tré vaxa á veggjum tóftarinnar til norðausturs.
**Staðhættir**
Nyrst í túni fornbýlisins Einarsstaða, rétt innan (sunnan) við túngarðinn [1791-11] er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er algróin grasi og mosa, tvískipt og liggur norðaustur/suðvestur. Tvennar dyr eða hlið eru og snúa aðrar mót suðaustri en hinar til suðvesturs. Veggir eru 30-50sm háir að innan en 80sm að utan. Þeir eru um 1,5m á breidd nema til norðurs þar sem veggurinn er 4m breiður. Tré vaxa á veggjum tóftarinnar til norðausturs.

**Eyjólfsstaðir-1791-14**
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Óþekkt, kvíar?
**Tegund:** Hleðsla, þúst
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**
**Staðhættir**
Austast í túninu á Einarsstöðum, upp við túngarðinn [1791-11] innanverðan er hleðsla eða þúst, mögulega tóft eða hrun úr vegg.
**Lýsing**
Hleðslan/þústin liggur samsíða túngarðinum frá norðri til suðurs og er 10m löng, algróin grasi og mosa. Vegghæð er 50-80sm en breidd um 1,5m. Mögulega hefur verið þarna aflöng tóft t.d. kvíar en einnig er mögulegt að hleðslan/þústin hafi myndast af hruni úr túngarðinum.

**Eyjólfsstaðir-1791-15**
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, þúst
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**

**Staðhættir**
Óglöggar tóftir eru í túninu 46m norðvestan beitarhúsanna [1791-10].
**Lýsing**
Óglögg, tvískipt eldri tóft, 12x5m að utanmáli. Tóftin liggur norðvestur-suðaustur og hafa dyr verið á suðvestur horni nyrðra hólfsins. Hæð veggja 50sm og breidd 70sm. Yngri smátóft, líklega frá beitarhúsatímanum, lá svo ofan á suðaustur hluta tóftarinnar.

**Eyjólfsstaðir-1791-16**
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**
**Staðhættir**
Kofatóft er í túninu 46m norðvestan beitarhúsanna [1791-10].
**Lýsing**
Tóftin er 4,6x4m að utanmáli, veggir 40sm þykkir og rétt um 50sm háir. Dyr eru á austurhlið.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin liggur á eldri tóftum [1791-15] og hefur líklega tilheyrt beitarhúsatímanum.

**Eyjólfsstaðir-1791-17**
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Garðlag
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**
**Staðhættir**
Í túni, 46m beint norður af beitarhúsunum [1791-10] er garðbrot.
**Lýsing**
Garðurinn liggur norður-suður, 20 langur og rétt um 40sm á hæð.
**Aðrar upplýsingar**
Vera kann að þarna sé um að ræða hluta af tröðunum heim að bænum. Þarna er mjög þýft og mikill gróður var þannig að erfitt var að greina hvort um raunverulegan garð væri að ræða.

**Eyjólfsstaðir-1791-18**
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**
**Staðhættir**
Um 38m beint norður af beitarhúsatóftunum [1791-10] er lítil kofatóft.
**Lýsing**
Tóftin er rétt um 2,5x2,4m að utanmáli og með dyr á vesturhlið. Veggir um 30sm breiðir og rétt um 30sm háir.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin tilheyrir beitarhúsatímanum.

**Eyjólfsstaðir-1791-19**
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**
**Staðhættir**
Tóft liggur um 18m vestan beitarhúsatóftanna [1791-10].
**Lýsing**
Tóftin er um 5,5x5,2m að utanmáli og hafa dyr verið norðanvert á vesturhlið. Breidd veggja 60sm og hæð 70sm.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin er frá beitarhúsatímanum.


Mynd 7. Horft til suðvesturs yfir tóftir [1791-22] syðst við túngarð.

**Eyjólfsstaðir-1791-20**
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**
**Staðhættir**Um 43m beint vestur af beitarhúsatóftunum [1791-10] er tóft.

**Lýsing**
Tóftin liggur austur-vestur, 6,4x5m að utanmáli og hafa dyr verið við suðvestur horn. Breidd veggja 60sm og hæð þeirra 70sm.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin hefur mögulega tilheyrt beitarhúsatímanum.

**Eyjólfsstaðir-1791-21**
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**
**Staðhættir**
Um 48m beint vestur af beitarhúsatóftunum [1791-10] er óglöggt tóftarbrot.
**Lýsing**
Óljós tóft, veggir nánast horfnir en þó greinanleg dæld í miðju. Tóftin er um 4,7x3m að utanmáli, 40sm á hæð og veggir um 50sm á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin hefur tilheyrt Einarsstaðabænum.

**Eyjólfsstaðir-1791-22**
**Sérheiti:** Einarsstaðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta vegna gróðurs.**
**Staðhættir**
Um 40m suður af beitarhúsatóftunum [1791-10], rétt innan (norðan) túngarðsins [1791-11] er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 10x6m að utanmáli og liggur norður-suður. Dyr hafa verið á vesturvegg. Vegghæð 50sm og breidd 80sm.
**Aðrar upplýsingar**
Veggir tóftarinnar eru nokkuð hlaupnir í þúfur og hefur hún líklega tilheyrt Einarsstaðabænum.



*Mynd 8. Horft vesturs yfir bæjarstæðið í Hátúnum. Þvert á mynd sést gilið sem bæjarlækurinn rennur um. Hinumegin þess, fyrir miðri mynd sést aflanga tóftasvæðið með bæjar- og beitarhúsatóftum.*

## Hátún í landi Tunghaga á Völlum

### *Ágrip af sögu*

Hátún eru fornbýli, nú í landi Tunghaga. Tóftir býlisins eru ofarlega í Tunghagalandi neðan við mynni Hjálpleysudals undir Hátúnahetti eða Hetti. Í eyðibýlaskrá Olavíusar (1776, bls. 141) er Hátúna getið sem eyðibýlis með selstöðu 1776 og er þá talið byggilegt. Samkvæmt Sveitum og jörðum (II. bindi, bls. 161) er ætlað að Hátún hafi verið upphafsbýli og jörðunum Tunghaga, Arnkelsgerði, Ásgarði og Grófargerði verið skipt út úr landi þess, og er þar kölluð Hátúnatorfan. Beitarhús frá Tunghaga voru á hinu forna bæjarstæði Hátúna fram um aldamótin 1900 (Sveitir og Jarðir II, bls. 164).

### *Minjar 2015*

Bæjarstæði Hátúna liggur í brekku ofan og vestan við stæðilegan vörslugarð sem liggur norður-suður eftir hlíðinni ofan Hátúnatorfunnar. Um er að ræða 3km langan garð sem reistur var á miðri 19. öld frá Gilsá og í Grjótá hjá Arnkelsgerði (SJM II, bls. 161). Bæjarstæðið liggur vestan lækjar á sléttri flöt. Tóftir liggja á um 58m löngum rana sem snýr norður-suður. Nyrst á rananum eru óglöggir veggir eldri húsa og ekki er ólíklegt að þar hafi aðal bæjarhúsin verið. Tvær beitarhúsatóftir og möguleg bæjartóft hylja að mestu eldri leifar þótt greina megi óljós veggjabrot á a.m.k. tveimur stöðum. Túngarðsveggur umlykur þessar minjar á þrjá vegu en hefur einungis afmarkað um 0,7 hektara túnspildu. Annar garður virðist svo afmarka nokkru stærra tún sunnan við fyrrnefnda spildu. Sá garður hefur umlukið um 3 hektara svæði. Engar sannfærandi bæjartóftir fundust innan þessa túns, stærsta tóftin var óglögg 11m löng tóft syðst innan garðs. Minni garðurinn virtist geta verið yngri, en þó eldri en

beitarhúsatóftirnar. Nokkuð óljóst er hvar eldra túnið hefur legið. *Mynd 9. Yfirlitsteikning sem sýnir afstöðu minja í Hátúnum.*



*Mynd 10. Horft til suðurs yfir vörslugarð [1791-23].*

**Tunghagi-1791-23**
**Hlutverk:** Vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún ofan (austan) við vörslugarð sem liggur frá Gilsá í suðri að Grjótá í norðri.
**Lýsing**
Garðurinn er í heild 2km á lengd. Frá Gilsá liggur hann til norðurs um 1,5km en beygir svo upp eða til austurs að árgili Grjótár. Syðstu 600 metrarnir voru skráðir á vettvangi en hinn hlutinn af loftmyndum þar sem hann sést glögglega. Syðsti hluti garðsins var mest rúmlega metri á hæð og 2m á breidd, algróinn grasi, mosa og lyngi.
**Aðrar upplýsingar**
Í Sveitum og jörðum II kemur fram að garðurinn sé frá miðri 19. öld og var notaður til viðmiðunar og var talað um „fyrir ofan garð“ og „neðan.“ (SJM II, 161).

**Tunghagi-1791-24**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún ofan (austan) við vörslugarð sem liggur frá Gilsá í suðri að Grjótá í norðri. Sambyggð vörslugarðinum að austan en vestan við tún á Hátúni er rétt.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng frá norðri til suðurs, 9x25m að utanmáli og hlið eru á skammveggjum mót norðri og suðri. Veggir eru algrónir og nokkuð stæðilegir þó farið sé að hrynja úr þeim á nokkrum stöðum. Þeir eru 50-100sm háir og 1,5m á breidd.

**Tunghagi-1791-25**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Bæjarstæði
**Staðhættir**




*Mynd 11. Yfirlitsteikning sem sýnir minna (yngra) túngerðið í Hátúnum. Tóftir beitarhúsanna eru ljósari að lit en tóftir sem tilheyra býlinu dekkri*

Bæjarstæðið í Hátúnum liggur í þýfðu túni rétt sunnan lækjar, 240m beint austur af Gilsá og 520m upp af þjóðvegi við brúna á ánni.

**Lýsing**

Bærinn hefur legið norður-suður á nokkurskonar rana. Þrjár yngri tóftir liggja ofan á bæjarstæðinu en óglögga veggi og mishæðir má þó greina milli þeirra og sérstaklega norðan þeirra, nyrst á tóftasvæðinu. Hinsvegar var erfitt að greina lögun bygginga en þarna virðist hafa verði þyrping bæjarhúsa.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Hátún eru yzt í horninu, gamlar beitarhúsatættur frá Tunghaga. Sagt er að þetta hafi verið upphaflega jörðin og byggðin fluzt þangað í Tunghaga. Þar áttu að hafa verið 18 hurðir á járnum. Þar sér móta fyrir túngarði, og hefur tún verið stórt, 4 hektarar, ótrúlega stórt beitarhús“ (Örnefnaskrá Arnkelsgerðis, Tunghaga og Ásgarðs, bls. 9). Sverð á að hafa fundist í bæjarhúsatóftunum og segir í Sveitum og jörðum (II, bls. 161) „Fyrir aldamót [1900] fannst sverð í Hátúnarústum. Úr því var smiðaður torfljár og skaflar á skeifur […].




*Mynd 12. Yfirlitsmynd af öllum minjum á og við bæjarstæði Hátúns.*

**Tunghagi-1791-26**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Bæjarstæðið í Hátúnum liggur í þýfðu túni rétt sunnan lækjar, 240m beint austur af Gilsá og 520m upp af þjóðvegi við brúna á ánni. Þrjár yngri tóftir liggja í röð frá norðri til suðurs á gamla bæjarstæðinu. Beitarhúsatóft liggur þeirra nyrst.
**Lýsing**
Tóftin liggur norður suður og er fjárhústóft með heytóft aftan við. Hún er 13x6m að utanmáli og hafa dyr verið austan til á syðri skammvegg. Grjóthlaðinn garði er eftir fjárhúsinu miðju. Enn má sjá grjót í veggjum á stöku stað. Veggir 1m á þykkt og 80sm á hæð.

**Tunghagi-1791-27**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Bæjarstæðið í Hátúnum liggur í þýfðu túni rétt sunnan lækjar, 240m beint austur af Gilsá og 520m upp af þjóðvegi við brúna á ánni. Þrjár yngri tóftir liggja í röð frá norðri til suðurs á gamla bæjarstæðinu. Í miðjunni er tvískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin er elst tóftanna þriggja. Hún liggur austur-vestur, 11m löng frá austri til vesturs og 7m frá norðri til suðurs. Dyr hafa verið til norðurs við norðvestur horn tóftar. Eystra rýmið er stærra um fimm metra langt og innangengt úr því til austurs yfir í smærri tóft. Um 8m langur veggur liggur út frá norðausturhorni til norðurs. Gæti hafa afmarkað þriðju tóftina en það er nokkuð óljóst.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin er nokkuð djúp og líkist meira bæjarhúsum en útihúsum. Tóftin tilheyrir mögulega seinni tíma bæ, e.t.v. þeim sem minna túngerðið umlukti.

**Tunghagi-1791-28**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Bæjarstæðið í Hátúnum liggur í þýfðu túni rétt sunnan lækjar, 240m beint austur af Gilsá og 520m upp af þjóðvegi við brúna á ánni. Þrjár yngri tóftir liggja í röð frá norðri til suðurs á gamla bæjarstæðinu. Syðst er stæðileg beitarhúsatóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur austur-vestur og er 21m löng og 8m breið. Dyr hafa verið fyrir miðjum vestur skammvegg. Um er að ræða fjárhús með hlöðnum garða í miðju og með heytóft aftan við. Dálítil kofatóft er áföst vestast á suður langvegg, 3x4m að utanmáli og dyr í vestur. Grjót enn greinanlegt í veggjum og þeir sæmilega stæðilegir.

**Tunghagi-1791-29**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Túngarður umlykur bæjarstæðið í Hátúnum á þrjá vegu, að austan, sunnan og vestan. Garðurinn afmarkar tæplega 0,7ha svæði sunnan bæjarlækjarins.
**Lýsing**
Garðurinn er 229m langur, um 1,5m að breidd þar sem hann er breiðastur og allt að 80sm hár. Við hann utanverðan á þremur stöðum eru tóftir. Austurhluti hans er grasi vaxinn en lyng er í vestari hlutanum.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnalýsingu segir að túngarður afmarki 4ha tún. Við skráningu 2015 voru mældir upp tveir túngarðar, sá fyrri sem hér er talinn en einnig annar sem virtist afmarka annað stærra tún sunnan bæjarstæðisins, frekar en að afmarka eitt stórt tún umhverfis bæjarstæðið. Bæði túnin sem garðarnir afmarka um 4ha en líta út fyrir að vera tvö aðskilin tún að öllu leyti. Nyrðri túngarðurinn virtist yngri og er vart frá elstu byggð á staðnum en þó eldri en svo að hafa tilheyrt beitarhúsunum.

**Tunghagi-1791-30**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta vegna landbrots.** Bæjarlækurinn hefur brotið af hluta tóftarinnar.
**Staðhættir**
Um 14m beint austur af nyrsta hluta bæjastæðisins og á vesturbakka bæjarlækjarins er tvískipt tóft sem er að hluta horfin fyrir bakka lækjarins.
**Lýsing**
Austurhluti tóftarinnar er hruninn fyrir lækjarbakkann. Hún liggur norður-suður og er alls um 10m á lengd. Virðist hafa verið tvískipt, veggir 50sm breiðir og 40sm háir.

**Tunghagi-1791-31**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tvær tóftir eru áfastar eystri hluta yngra túngarðsins [1791-29]. Nyrðri tóftin er líklega lítil rétt.
**Lýsing**
Tóftin er byggð upp við túngarðsvegginn. Hún liggur norður suður og er opin til norðurs. Hún er 8m löng og um 5m breið að utanmáli. Hæð 60sm, breidd 60sm.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin virðist jafnaldra túngarðinum.

**Tunghagi-1791-32**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Rétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tvær tóftir eru áfastar eystri hluta yngra túngarðsins [1791-29]. Syðri tóftin tóftin liggur 11m suður af þeirri nyrðri [1791-31] mögulega rétt eða útihús.
**Lýsing**
Tóftin virðist tvískipt, lá austur-vestur. Hún er 10x5m að utanmáli og dyr vita í vestur. Hæð veggja 50sm, þykkt 70sm.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin virðist jafngömul túngarðinum.

**Tunghagi-1791-33**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Fjárhús, rétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tóft er utan á yngra túngarðinum [1791-9] sunnanverðum.
**Lýsing**
Tóftin liggur austur-vestur og hafa dyr verið í vestur. Hún er 9,7m löng og 5m breið að utanmáli. Virðist hafa verið tvískipt.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin virðist jafnaldra túngarðinum.

**Tunghagi-1791-34**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í suðvestur horni minna túnsins er kofatóft 3,5x3m að utanmáli og hafa dyr vitað í suður. Veggir eru 50sm breiðir og 40sm háir.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin virðist jafnaldra túngarðinum.

**Tunghagi-1791-35**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Tvö, að því virðist aðskilin tún voru skráð 2015. Eldri túngarður afmarkar syðra túnið sem er um 3ha.

**Lýsing**
Garðurinn er sýnilegur á 572m löngum kafla, nokkuð glöggur nema á smá parti sunnan til. Að norðan nær hann upp að læk sem rennur með norðurbrún túnsins en enginn garður er meðfram læknum.
**Aðrar upplýsingar**
Yngri og efri túngarðurinn hefur líklega afmarkað smærra og yngra býli en syðri garðurinn hefur afmarkað túnið eins og það hefur verið í upphafi. Þessi garður afmarkar 3ha en ekkert bæjarstæði var að finna innan hans. Bæjarstæðið er augljóslega nyrst við bæjarlækinn og hlýtur að hafa verið hluti eldra túnsins. Vera kann að norðvestur hluti syðra túngarðsins hafi verið garður sem skipti upp túninu í staðinn fyrir að hafa afmarkað sjálfstætt tún og væri þá um heildstætt 4ha tún að ræða líkt og sagt er í örnefnaskrá.

**Tunghagi-1791-36**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún. Syðst og vestast í syðra túninu er aflöng tóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og snýr nálega austur/vestur (VNV/ASA), 4x11m að utanmáli. Veggir eru þýfðir og lyngi grónir, 30-40sm háir og 2m á breidd. Tóftin virðist vera mjög gömul. Óljós tóft virðist vera sunnan hennar.

**Tunghagi-1791-37**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, náttúrulegt
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún. Syðst og vestast í syðra túninu er aflöng tóft [1791-36] og 30m austan hennar er mögulega önnur tóft sem þó gæti verið náttúruleg myndun.
**Lýsing**
Meint tóft er um 5x5m að utanmáli og hafa dyr snúið mót norðri. Veggir 20-50sm háir og 1-1,5m á breidd. Hún er algróin lyngi, umhverfið er þýft og mýrlent og gæti verið um náttúrulega myndun að ræða.

**Tunghagi-1791-38**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún. Vestast í syðra túninu er þýfður, grasi og lyngi gróinn mói og í honum virðast vera tóftir.

**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og er 3x7,5m að utanmáli. Veggir eru lyngi grónir, jarðsokknir og hlaupnir í þúfur og hafa samlagast umhverfi sínu. Þeir eru 30sm háir og 1,5m á breidd. Engar dyr eru greinanlegar. Mögulega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.

**Tunghagi-1791-39**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Óþekkt, kofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún.Vestast í syðra túninu er þýfður, grasi og lyngi gróinn mói og í honum virðast vera tóftir. Um 20m austur af tóft nr. 1791-38 er önnur tóft minni.
**Lýsing**
Tóftin er 2,5x3,5m að utanmáli og snýr NNA/SSV. Dyr hafa snúið til norðvesturs. Hún er algróin grasi, mosa og lyngi og veggir að nokkru komnir í þúfur. Þeir eru 20-60sm háir og 1,5m á breidd.

**Tunghagi-1791-40**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Óþekkt, kofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún.Vestast í syðra túninu er þýfður, grasi og lyngi gróinn mói og í honum virðast vera tóftir. Um 25m austur af tóft nr. 1791-38 er önnur minni tóft.
**Lýsing**
Tóftin er tæplega 3x3m að utanmáli og hafa dyr snúið til norðurs. Veggir eru þýfðir og algrónir grasi mosa og lyngi. Þeir eru 20-50sm háir og 50-100sm breiðir.

**Tunghagi-1791-41**
**Sérheiti:** Hátún
**Hlutverk:** Stekkur, rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún ofan (austan) við vörslugarð [1791-23] sem liggur frá Gilsá í suðri að Grjótá í norðri. Suður undir grasi og lyngi grónum bakka utan í mel, um 120m NNA af nyrðra túninu á Hátúni og 20m neðan Garðs eru tvennar tóftir sem liggja hlið við hlið en eru ekki sambyggðar. Þær virðast þó heyra saman og eru hér skráðar undir sama númeri.
**Lýsing**
Vestari tóftin er hlaðin upp við bakkann og snýr norðvestur/suðaustur. Hún er 3,x5,5m að utanmáli og hafa dyr eða hlið snúið til suðausturs. Tóftin er grasi gróin, veggir 30-40sm háir og um metri á breidd. Austari tóftin er grafin inn í bakkann en hlaðið fyrir til suðurs og er

tóftin 20-60sm djúp en hleðslan að framan 20-30sm há og um 50sm á breidd. Hún snýr norður/suður og hefur hlið snúið til vesturs. Hún er einkum gróin lyngi og mosa. Líklegt verður að teljast að þarna hafi verið stekkur með kró og rétt í tvennu lagi en algengast er að þær séu sambyggðar.




*Mynd 13. Yfirlitsteikning af minjum neðan vörslugarðs [1791-23]. Neðri tóftirnar tvær eru yngri fjárhústóftir en smærri tóftirnar tvær eldri, tilgangur þeirra óþekktur.*

**Tunghagi-1791-42**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún ofan (austan) við vörslugarð [1791-23] sem liggur frá Gilsá í suðri að Grjótá í norðri. Á sunnanverðum lækjarbakka rétt um 100m norðvestur af nyrðra túninu í Hátúnum, neðan Garðs eru fjárhústóftir með 20m millibili.
**Lýsing**
Austari tóftin er tvískipt og liggur norðvestur/suðaustur. Til norðvesturs er fjárhús með garða og tveimur króm en til suðausturs heytóft eða hlaða og innangengt á milli. Tóftin er 6x14m að utanmáli, veggir algrónir grasi, mosa og blómgróðri. Veggir eru stæðilegir 40-100sm háir en aðeins farnir að hlaupa í þúfur. Dyr hafa snúið til norðvesturs. Rof er í langvegg mót suðvestri og þar hafa mögulega verið aðrar dyr.

**Tunghagi--1791-43**
**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún ofan (austan) við vörslugarð sem liggur frá Gilsá í suðri að Grjótá í norðri. Á sunnanverðum lækjarbakka rétt um 100m norðvestur af nyrðra túninu á Hátúni, neðan Garðs eru fjárhústóftir með 20m millibili.
**Lýsing**
Vestari tóftin liggur nálega austur/vestur (ASA/VNV). Hún er 5x15m að utanmáli og virðist þrískipt. Hlaða eða heytóft hefur verið til austurs. Veggir eru algrónir en sér í grjót sem hrunið hefur úr vegghleðslunni. Þeir eru 30-70sm háir og 1-1,5m á breidd og nokkuð þýfðir.

**Tunghagi-1791-44**
**Hlutverk:** Óþekkt
Tegund: Tóft
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún ofan (austan) við vörslugarð [1791-23] sem liggur frá Gilsá í suðri að Grjótá í norðri. Á sunnanverðum lækjarbakka rétt um 100m norðvestur af nyrðra túninu á Hátúni. Neðan Garðs eru fjárhústóftir [1791-42 og 43] með 20m millibili og norðan og norðvestan við þær tvær minni tóftir.
**Lýsing**
Stærri tóftin liggur norðar og er tvískipt. Tóftin er 6,4x6,2m að utanmáli. Á syðra hólfinu eru dyr til suðvesturs en til vesturs úr því nyrðra. Veggirnir eru 50sm breiðir og 50sm háir.

**Tunghagi-1791-45**
**Hlutverk:** Óþekkt, kofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Neðan við mynni Hjálpleysudals er eyðibýlið Hátún ofan (austan) við vörslugarð [1791-45] sem liggur frá Gilsá í suðri að Grjótá í norðri. Á sunnanverðum lækjarbakka rétt um 100m norðvestur af nyrðra túninu á Hátúni. Neðan Garðs eru fjárhústóftir [1791-42 og 43] með 20m millibili og norðan og norðvestan við þær tvær minni tóftir.
**Lýsing**
Syðri tóftin er lítil kofatóft 2,7x2,9m að utanmáli, dyr til suðausturs. Veggir 50sm breiðir og 40sm háir.

**Tunghagi-1791-46**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Austast í grónum hvammi upp af árgili Gilsár um 240m suður af túni á Hátúnum eru tvennar stekkjartóftir.
**Lýsing**
Austari tóftin er tvískipt með kró til vesturs og rétt til austurs. Hún er 6x10m að utanmáli og



*Mynd 14. Stekkjartóftir við Gilsá.*

hefur hlið verið á réttinni og snúið mót suðri en önnur hlið voru ekki greinanleg. Veggir eru algrónir grasi, mosa og lyngi, 20-60sm háir og 1,5m á breidd.

**Tunghagi-1791-47**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Austast í grónum hvammi upp af árgili Gilsár um 240m suður af túni á Hátúni eru tvennar stekkjartóftir.
**Lýsing**
Vestari tóftin er í tveimur hlutum. Réttin er 7x7m að utanmáli og hefur hlið snúið mót vestri. Tóftin er að mestu lyngi gróin, veggir jarðsokknir, 20-30sm háir og um 1m á breidd. Rúmlega 1,5m norðvestan réttarinnar er króin um 3x3m að utanmáli og hlaðin upp við brekku. Hlið hefur verið á suðvesturhorni. Veggir eru lyngi grónir 20-30sm háir og 60sm breiðir.



*Mynd 15. Seltóftir í Selbotnum. Ljósm. Hjörleifur Guttormsson.*

**Tunghagi-1791-140**
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Seltóftir fundust fast utanvert við læk í Selbotnum upp af Hátúnum á brekkubrún í um 420m hæð.
**Lýsing**
Seltóftin er 15m löng og virðist þrískipt en milliveggir eru óljósir. Veggir eru grónir og snýr tóftin út og inn á brekkubrún þar sem halla tekur niður úr efstu botnunum. Um 17m ofar er önnur tóft sem er um 10 á lengd og stefnir út-inn frá sama lækjargrafningi. Gróðurfarslega skera rústirnar sig lítið sem ekkert frá umhverfinu. Tóftirnar voru ekki teiknaðar upp á vettvangi en hnitpunktur tekinn og fá þær að fylgja með í skýrslunni.



*Mynd 16. Horft til suðausturs yfir minjar við Hraungerði. Tóftir skála eru óglöggar fyrir miðri mynd. Handan tóftanna má sjá svokallaða Staðartóttagrund.*

## Hraungerði í landi Múlastekks í Skriðdal

### *Ágrip af sögu*

Í Sveitum og jörðum segir (II. Bindi, bls. 98) : „M er ungt býli austan í og austan við Múlakollinn og nær niður að Múlaá. Talið er að fyrr hafi þar verið eyðibýlið Hraungerði frá Þingmúla sem getið er í jarðabók 1760“. Sumarið 2015 voru skoðaðar leifar fornbýlis á jörðinni Múlastekk norðan svokallaðra Staðartóttagrundar. Er örnefnið varðveitt sem nafn á hól utan við Staðartóttagrund þar sem eru miklar tættur. Í örnefnaskrá segir: „Fyrir utan Staðartóttargrund er Árnamýri og hóll sem heitir annaðhvort Árnagerði eða Hraungerði; þar eru miklar tættur. (Örnefnaskrá Múlastekks, bls. 1. ).

### *Minjar 2015*

Engar minjar um bæ fundust á Staðartóttagrundum en norðan þeirra, á klettanesi fast sunnan vegar eru fornlegar og nokkuð virkjamiklar tóftir. Um er að ræða þrjár stórar tóftir og tvær minni en enginn túngarður fannst. Tvær stærri tóftanna liggja norðaustur-suðvestur og er önnur þeirra réttartóft en hin líklega útihús. Norðan þeirra er svo þrískipt skálatóft. Ofan vegar voru svo skoðaðar mógrafir, heytóftir og aðrar smátóftir sem ekki hafa tilheyrt býlinu og því ekki útlistaðar. Yngri stekkjartóft sem lá fast sunnan vegar var einnig skráð.

**Múlastekkur-1791-48**
**Sérheiti:** Hraungerði
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**



*Mynd 17. Yfirlitsteikning af tóftunum á Hraungerði.*

Vestan undir klettahöfða sem kallaður er Hraungerði í landi Múlastekkjar eru nokkrar tóftir sem benda til fornbýlis. Nyrsta og efsta tóftin er aflöng þrískipt tóft, líklega af skála.

**Lýsing**

Tóftin er aflöng og liggur NNV/SSA, 6x22m að utanmáli. Hún er þrískipt og eru tvennar dyr greinanlegar, aðrar syðst á tóftinni til suðurs og hinar nyrst á vestur langvegg. Veggir eru stæðilegir 20-60sm háir, algrónir grasi, mosa og ljónslöpp. Breidd veggja er mest um 2m. Að líkindum hefur verið innangengt úr syðsta hólfi yfir í miðjuhólfið.

**Múlastekkur-1791-49**

**Sérheiti:** Hraungerði

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Á hól sem nefndur er Hraungerði er aflöng tóft [1791-48] og tæplega 10m sunnan hennar er önnur og smærri tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tæplega 6x7m að utanmáli og snýr norður/suður og hafa dyr eða hlið snúið til suðurs. Veggir eru algrónir grasi og mosa, lágir en vel greinilegir. Þeir eru 10-30sm háir og rúmlega metri á breidd.

**Múlastekkur-1791-50**

**Sérheiti:** Hraungerði

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á hól sem nefndur er Hraungerði er aflöng tóft [1791-48] og í aflíðandi brekku, rúmlega 20m sunnan hennar er önnur tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 8x20m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur og hafa dyr snúð til suðvesturs. Veggir eru þýfðir og útflattir, 2m á breidd og 20-40sm háir. Þeir eru algrónir grasi og mosa.

**Múlastekkur-1791-51**
**Sérheiti:** Hraungerði
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt, kvíar
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á hól sem nefndur er Hraungerði er aflöng tóft [1791-48]. Um 20m suðvestan hennar, neðan undir hólnum er önnur tóft.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng og snýr norðaustur/suðvestur, 5-6x20m að utanmáli. Tóftin er mynduð af tveimur löngum samhliða veggjum og mögulega er skammveggur mót norðaustri en enginn veggur er greinanlegur til suðvesturs. Veggir eru algrónir grasi, 30-70sm háir og mest um 70sm breiðir. Hlutverk er óþekkt en mögulega hafa þetta verið kvíar eða rétt.

**Múlastekkur-1791-52**
**Sérheiti:** Hraungerði
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst, náttúrulegt
**Staðhættir**
Á hól sem nefndur er Hraungerði er aflöng tóft [1791-48] og um 40m suðaustan hennar er aflöng þúst mynduð af þúfum sem gætu verið leifar mannvirkis.
**Lýsing**
Þústin er 3x12m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Hún er 30sm há og algróin grasi og mosa. Þústin er mynduð af þúfum sem liggja í röð niður brekku og gæti verið náttúruleg myndun.

**Múlastekkur-1791-53**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Vestasta tóftin vestan undir Hraungerði, 80m suðvestan við skálatóftina [1791-48] er tvískipt tóft, líklega stekkjartóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur samhliða veginum frá norðaustri til suðvesturs. Hún er tvískipt og 4x6m að utanmáli. Veggir eru 50-60sm háir og 1-1,5m á breidd.



*Mynd 18. Horft af Þinghóli/Beljanda til suðausturs yfir friðlýstar tóftir sunnan kirkjunnar. Tóftirnar sjást sem djúpar dældir í sitthvorum hólnum.*

## Múlaþing í landi Þingmúla í Skriðdal

### *Ágrip af sögu*

Fáar áreiðanlegar heimildir eru til um þinghald að fornu á Austfjörðum og staðsetning þingstaða nokkuð á reiki. Að Þingmúla í Skriðdal á eitt þessara þinga að hafa verið háð, Múlaþing, en þess mun einungis getið sem vorþings á einum stað í Droplaugarsonasögu. Þingmúli var stórbýli til forna, kirkjustaður frá öndverðu og prestssetur fram til 1892 (SJM II, bls. 96)

Í Sýslu- og sóknarlýsingum (2000, bls. 350) segir um bæinn Þingmúla í Skriðdal: „Heima í Þingmúlatúni upp af bænum eru tvær fornar tóftir allstórar sem heita „Goðatóftir“ og túnpartur umhverfis „Goðatún“. Norður af tóftinni efri er stórt bjarg upp úr túninu, sem heitir „Goðasteinn“. Þar norður af er hár hól stór að ummáli, aflangur og rúmmikill uppi. Hann nefna sumir Þinghól (sumir og það oftast Beljanda því þar er stormsamt). Geta verið upp á honum 2-400 manns. Hvergi sér þar dómhrings merki. En hann getur einkum verið hafa á hærstu bungu hólsins. Þar er nú fjárhús og hlaða. Allur er hóllinn nú fallegt tún“. Kålund (1986, bls. 37-38) segir það almenna skoðun að Múlaþing hafi til orðið við það að Sunnudalsþing í Vopnafirði og Kiðjafellsþing á Héraði hafi verið flutt til Þingmúla. Hinsvegar segir hann ekki margt annað en nafnið benda til að þar hafi verið þingstaður. Búðatóftir sjást þar ekki, en aftur á móti er hóll í túninu, sem sagt er að sé stundum kallaður Þinghóll. Engin skýring er á því, að hluti af túninu heiti Goðatún, en tvær gamlar tóftir þar heita Goðatóftir, en Goðasteinn stór klettur þar í nánd.“ Þegar Daniel Bruun fór um svæðið 1901, taldi hann sig hinsvegar sjá 4-9 ógreinilegar búðatættur (1974, bls. 159). Sigurður Vigfússon sömuleiðis (Árbók 1893, bls. 34) tiltekur 11 tóftir sem hann telur líklegar til að hafa tilheyrt þingstaðnum.

***Minjar 2015***

Sumarið 2015 voru ætlaðar þingminjar skoðaðar í landi Þingmúla í Skriðdal. Friðlýstar tóftir eru í túni sem taldar eru hafa tilheyrt þinghaldi (Friðlýsingarskjal MÞ 25.101930), þinglýst 26.01.1931). Ofan heimreiðar er svokallaður „Goðasteinn", stór náttúrusteinn sem stendur norðanvert í stórri tvískiptri tóft, líklega rétt (Sumstaðar kölluð Goðatóftir). Á ásnum sunnan kirkjunnar er hinsvegar að finna röð tófta. Þrjár tóftanna eru vel glöggar, veggjabreiðar og jarðsokknar. Sunnan þeirra eru seinni tíma útihúsatóftir en suður eftir túninu má sjá röð 5-6 dælda sem mögulega eru tóftir sem hafa verið sléttaðar. Þessi fjöldi tófta er nokkurn veginn sambærilegur við það sem Sigurður Vigfússon taldi upp 1893. Á Þinghóli voru leifar yngri útihúsa og óljós veggjabrot. Auk þingminjanna voru skráðar leifar beitarhúsa frá Þingmúla inn á Norðurdal.

Við lestur örnefnaskráa og annarra heimilda er ljóst að örnefni og hugmyndir um aldur og tilgang og legu minjanna eru nokkuð á reiki. Hér er tóftum því bara lýst og ekki leitast við að bera saman hinar margvíslegu heimildir um uppruna þeirra.

**Þingmúli-1791-54**
**Hlutverk:** Óþekkt, búð?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í túninu suðvestan við bæinn, um 8m austur af heimreiðinni og tæpa 30m vestur af kirkjunni er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 8x13m að utanmáli. Veggir eru ávalir, 30-50sm háir og um 1,5m á breidd, algrónir grasi. Dyr hafa verið til austurs.

**Þingmúli-1791-55**
**Hlutverk:** Óþekkt, búð?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í túninu suðvestan við bæinn, rúmlega 10m austur af heimreiðinni og 35m VSV af kirkjunni er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt, 9x11m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Hún er í túni og algróin grasi. Veggir eru 40sm háir að innan en lægri að utan og um 2m á breidd. Mögulega hafa dyr verið á norðvesturhorni tóftar. Dæld er á milli tófta nr. 1791-55 og 56. Þess ber að geta að uppmæling Minjastofnunar Íslands af minjunum eru ólíkar þeim uppmælingum sem gerðar voru af starfsmanni Byggðasafns Skagfirðinga á vettvangi 25. ágúst 2015. Þar eru tóftir nr. 1791-55-56 og dæld á milli þeirra skráð sem ein þrískipt tóft sem liggur norðvestur/suðaustur. Misræmi í túlkunum á vettvangi geta skýrst af því að mælt hafi verið á mismunandi tímum en t.d. getur gróðurfar haft á hrif á ásýnd minjanna.

**Þingmúli-1791-56**
**Hlutverk:** Óþekkt, búð?




*Mynd 19. Afstöðuteikning af minjum sem skráðar voru í Þingmúla sumarið 2015.*

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í túninu suðvestan við bæinn, rúmlega 10m austur af heimreiðinni og 35m VSV af kirkjunni er tóft nr. 1791-55 og suðaustan við hana er önnur tóft. Dæld er á milli tóftanna tveggja.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður og er tæplega 8x11m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir, 10-30sm háir og um 1,5m á breidd. Dyr gætu hafa verið til suðurs. Þess ber að geta að uppmæling Minjastofnunar Íslands af minjunum eru ólíkar þeim uppmælingum sem gerðar voru af starfsmanni Byggðasafns Skagfirðinga á vettvangi 25. ágúst 2015. Þar eru tóftir sem skráðar eru hér nr. 1791-55 og 56 skráð sem þrískipt tóft sem liggur norðvestur/suðaustur. Misræmi í

túlkunum á vettvangi geta skýrst af því að mælt hafi verið á mismunandi tímum en t.d. getur gróðurfar haft áhrif á ásýnd minjanna.

**Þingmúli-1791-57**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Suðvestan og sunnan við kirkjuna er túnið á háum hrygg og á norðurenda hans, tæplega 30m SSV af kirkjunni er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og snýr norður/suður. Mikill gróður var þegar skráning fór fram og mjög erfitt að greina lögun tóftar og hæð og nákvæma breidd veggja.
**Aðrar upplýsingar**
Virðist vera yngri tóft en meintar þingbúðaminjar. Sýnd sem útihúsatóft á yfirlitsteikningu Daniels Bruun frá 1901. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir Sigurður Kristinsson að hesthústóft hafi verið byggð við Goðatættur efst í túni.

**Þingmúli-1791-129**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Suðvestan og sunnan við kirkjuna er túnið á háum hrygg og á norðurenda hans, tæplega 30m SSV af kirkjunni er útihúsatóft [1791-57] og beint suður af henni óljós tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 8x8m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir og útbrúnir óljósar nema austanvert. Norðurhlutinn var óljós vegna mikils gróðurs. Veggir eru mest 30sm háir og 1,5m á breidd.

**Þingmúli-1791-58**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir**
Suðvestan og sunnan við kirkjuna er túnið á háum hrygg og á honum, rúmlega 60m í hásuður frá kirkjunni eru tvennar dældir í túnið.
**Lýsing**
Nyrðri dældin er 3x7,5m að utanmáli en syðri dældin um 3x4m. Þær eru báðar um 10sm djúpar. Engar útlínur eru greinanlegar en þarna gæti hafa staðið mannvirki af einhverju tagi. Túnið var nýlega slegið þegar skráning fór fram og ummerki eftir sláttuvélina á minjunum.
**Aðrar upplýsingar**
Í Árbók fornleifafélagsins 1893, bls. 34 segir Sigurður Vigfússon: „Suðr eftir háhrygg túnsins sýnast hafa verið fjórar tóftir (4-7), hver niðr undan annarri, enn þær eru svo fornlegar og aflagðar, að þær verða með engu móti mældar […]“. Líklega er hér um sömu minjar að ræða.




*Mynd 20. Númer yfir minjar hjá Daniel Bruun: 1)Goðasteinn (meira en mannhæðarhár), 2-3) Goðatóttir, 4-9) fornar (búða?) tóttir. Í tótt 7) er hlaða. 10) Gömul fjárrétt. 11)Þinghóll, en uppi á honum er heyhlaða. 12) kirkja og kirkjugarður, 13) bæjarhús, 14-16) kálgarðar. D.B. 1901)*

**Þingmúli-1791-59**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst, tóft
**Staðhættir**
Suðvestan og sunnan við kirkjuna er túnið á háum hrygg og á honum, um 70m í hásuður frá kirkjunni er gróin tóft eða þúst.
**Lýsing**
Þústin/tóftin snýr norður/suður og er 4x9m að utanmáli. Innbrúnir eru ógreinilegar nema til suðurs en útbrúnir greinilegri um 10sm háar. Hún er í túni og grasi gróin.
**Aðrar upplýsingar**
Í Árbók fornleifafélagsins 1893, bls. 34 segir Sigurður Vigfússon: „Suðr eftir háhrygg túnsins sýnast hafa verið fjórar tóftir (4-7), hver niðr undan annarri, enn þær eru svo fornlegar og aflagðar, að þær verða með engu móti mældar […]“. Líklega er hér um sömu minjar að ræða.

**Þingmúli-1791-60**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Dæld

**Staðhættir**
Suðvestan og sunnan við kirkjuna er túnið á háum hrygg og á hóltoppi á honum rúmlega 90m suður af kirkjunni er dæld.
**Lýsing**
Dældin er mest 10sm djúp og grasi gróin 3x4m að utanmáli. Útbrúnir sjást ekki og óvíst er hvort um sé að ræða leifar mannvirkis.
**Aðrar upplýsingar**
Í Árbók fornleifafélagsins 1893, bls. 34 segir Sigurður Vigfússon: „Suðr eftir háhrygg túnsins sýnast hafa verið fjórar tóftir (4-7), hver niðr undan annarri, enn þær eru svo fornlegar og aflagðar, að þær verða með engu móti mældar […]“. Líklega er hér um sömu minjar að ræða.

**Þingmúli-1791-61**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir**
Suðvestan og sunnan við kirkjuna er túnið á háum hrygg og suður undir honum um 140m suður af kirkjunni eru tvennar dældir.
**Lýsing**
Dældirnar eru um 10-15sm djúpar og saman 5x7m að utanmáli. Þær eru í túni og grasi grónar. Útbrúnir sjást ekki og óvíst er hvort um sé að ræða leifar mannvirkis.
**Aðrar upplýsingar**
Í Árbók fornleifafélagsins 1893, bls. 34 segir Sigurður Vigfússon: „Suðr eftir háhrygg túnsins sýnast hafa verið fjórar tóftir (4-7), hver niðr undan annarri, enn þær eru svo fornlegar og aflagðar, að þær verða með engu móti mældar […]“. Líklega er hér um sömu minjar að ræða.

**Þingmúli-1791-62**
**Sérheiti: Goðatættur/Goðatóftir**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Vestan við heimreiðina að bænum um 90m VSV af kirkjunni er tvískipt tóft
**Lýsing**
Tóftin er um 20x20m að utanmáli og skiptist í tvö hólf. Veggir eru virkjamiklir, 20-60sm háir og 2-3m á breidd. Ekkert hlið er greinanlegt. Svokallaður Goðasteinn, stórt náttúrubjarg er í vesturvegg réttarinnar.
**Aðrar upplýsingar**
Örnefnaskrá Stefáns Einarssonar (bls. 2) segir; "Goðasteinn stendur í túnjaðri fyrir vestan veg; fram af honum eru tættur, sem líta út eins og réttartættur, en heita Goðatættur“. Í örnefnaskrá Eiríks Eiríkssonar (bls. 1) segir: „Ofan við Fjósatungu eru fornar rústir, innan við veg. Þær heita Goðatættur. Þar er stór steinn, kallaður Goðasteinn […] Sigbjörn Árnabjörnsson segir, að stærsta tóftin hafi verið kölluð Goðahringur en Einar [Ólason] kannast ekkert við það“

**Þingmúli-1791-131**
**Sérheiti:** Goðasteinn

**Hlutverk:** Örnefni
**Tegund:** Steinn
**Staðhættir/Lýsing**



*Mynd 21. Horft til norðurs yfir "Goðastein". Upp við hann er gamalt friðlýsingarmerki.*

Vestan við heimreiðina að bænum um 90m VSV af kirkjunni er tvískipt tóft í henni veglegt náttúrbjarg sem kallað hefur verið Goðasteinn.

**Aðrar upplýsingar**

Í Árbók fornleifafélagsins 1893, bls. 34 segir Sigurður Vigfússon: „Bærinn í Þingmúla stendr undir háum og fallegum múla, er skiftir Skriðdalnum í tvent, og er þá kallaðr suðr- og norðar-dala. Efst í túninu við túngarðinn er stór jarðfastur kletta, sem heitir „Goðasteinn". Í örnefnaskrá Eiríks Eiríkssonar (bls. 1) segir: „Ofan við Fjósatungu eru fornar rústir, innan við veg. Þær heita Goðatættur. Þar er stór steinn, kallaður Goðasteinn […] Sigbjörn Árnabjörnsson segir, að stærsta tóftin hafi verið kölluð Goðahringur en Einar [Ólason] kannast ekkert við það"

**Þingmúli-1791-130**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Vestan við tóft nr. 1791-62 er hluti túngarðsins.
**Lýsing**
Garðlagið er í tveimur hlutum og er alls 48m langt. Garðurinn er hæstur um metri og um metri á breidd. Garðurinn hefur legið í boga vestur fyrir Þinghól/Beljanda og einnig til austurs inn heimatúnið.

**Þingmúli-1791-63**
**Sérheiti:** Beljandahús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Stór hóll er vestur af bænum sem kallaður er Þinghóll eða Beljandi. Efst á hólnum er fjárhústóft.
**Lýsing**
Tóftin er þrískipt, 9x18m að utanmáli og snýr NNA/SSV. Veggir eru háir 50-1,8m og mest 1,5m á breidd. Þeir eru grjóthlaðnir og sér í hleðslur í fjárhúsinu og hlöðunni sem er sunnan við fjárhúsin. Mikil gróður var í tóftinni þegar skráning fór fram í ágústlok 2015.

**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Eiríks Eiríkssonar (bls. 1) segir: „Framan í hólnum var fjárhús, kallað Beljandahús. Þar voru einnig fornar rústir, sem Einar [Ólason] álítur að séu búðatóttir“. Líklega er hér um að ræða sömu tóftir.

**Þingmúli-1791-64**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Stór hóll er vestur af bænum sem kallaður er Þinghóll eða Beljandi. Austan undir honum er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr NNA/SSV og er 6,5x19m að utanmáli, óljós til norðurs. Veggir eru grasi grónir, 20sm háir og 1-2m á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Eiríks Eiríkssonar (bls. 1) segir „Framan í hólnum var fjárhús, kallað Beljandahús.

**Þingmúli-1791-65**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag, hleðsla
**Staðhættir**
Stór hóll er vestur af bænum sem kallaður er Þinghóll eða Beljandi. Sunnan undin honum er garðlag eða hleðsla.
**Lýsing**
Garðlagið eða hleðslan liggur neðan við hólbrekkuna, samsíða henni. Það er vinkillaga um 1-1,5m á breidd, 7m langt og 30-40sm hátt. Sunnan við það er mögulega annað óljóst garðlag eða hleðsla.

**Þingmúli-1791-66**
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í Norðurdal, austan ár og rúmlega 2,2km suðvestur af Þingmúla (í beinni loftlínu) eru tvennar beitarhúsatóftir. Nyrðri tóftin er 25m neðan við vegslóða sem liggur inn dalinn.
**Lýsing**
Nyrðri tóftin er yngri, tvístæð hús með steyptum görðum og hlöðu til austurs. Tvennar dyr eru og snúa mót vestri. Veggir eru 50-150sm háir og mest 2m á breidd. Tóftin er grasi gróin og mikill gróður var á tóftinni þegar skráning fór fram en þó sást í grjóthleðslur í veggjum.

**Þingmúli-1791-67**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, náttúrulegt
**Staðhættir**




*Mynd 22. Yfirlitsteikning af beitarhúsum frá Þingmúla í Norðurdal.*

Í Norðurdal, austan ár og rúmlega 2,2km suðvestur af Þingmúla (í beinni loftlínu) er beitarhúsatóft [1791-66] og rúmlega 10m sunnan hennar er mögulega minni tóft.

**Lýsing**

Meint tóft er 4x5m að utanmáli, algróin og mjög þýfð. Veggir eru um 30sm háir. Ekki var hægt að greina lag tóftarinnar fyrir gróðri. Mögulega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.

**Þingmúli-1791-68**

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í Norðurdal, austan ár og rúmlega 2,2km suðvestur af Þingmúla (í beinni loftlínu) eru tvennar beitarhúsatóftir. Syðri tóftin er í aflíðandi halla ofan vegslóða sem liggur inn dalinn.

**Lýsing**

Einföld fjárhús með garða og hlöðu eða heytóft til norðurs. Tóftin snýr norður/suður og er samsíða vegslóða sem sem er beint neðan (vestan) hennar. Hún er tvískipt, 7x19m að utanmáli. Veggir eru 40-60sm háir og 1,5m á breidd, algrónir grasi og var mikill gróður á tóftinni þegar skráning fór fram.

**Þingmúli-1791-69**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í Norðurdal, austan ár og rúmlega 2,2km suðvestur af Þingmúla (í beinni loftlínu) eru tvennar beitarhúsatóftir. Um 20m vestan við beitarhúsatóft sjá nr., neðan vegar er heytóft.

**Lýsing**

Tóftin er 2,5x3,5m að utanmáli og snýr norður/suðurs. Hún er opin til suðurs. Veggir eru grasi og mosa grónir, 20-40sm háir og mest um metri á breidd.



*Mynd 23. Horft til austurs yfir bæjartóftir í Haugahólum.*

## Haugar í Skriðdal

### *Ágrip af sögu*

Í jarðatali Johnsens frá 1847 voru Haugar taldir Skriðuklaustursjörð en var komin í bændaeign 1918 (SJM II, bls. 105). Haugahólar nefnast framhlaupshaugar í landaeigninni. Í Sveitum og jörðum (II bindi, bls. 106) segir ennfremur: „Rústir innst í Haugahólum benda til, að bærinn hafi staðið þar fyrr á öldum. Hæpið að séu af afbýli vegna takmarkaðra landgæða jarðarinnar, enda engar heimildir um afbýli frá H“. Í Haugahólum voru skoðaðar leifar þessa meinta býlis.

### *Minjar 2015*

1,6km suðvestur af Haugum eru fornar tóftir, 10m norður af læk sem rennur um hólana syðst. Tóftirnar liggja í geil milli tveggja hóla. Um er að ræða tóftasamstæðu með a.m.k. 6 hólfum eða herbergjum. Tóftirnar líkjast bæjarþyrpingu en engar aðrar tóftir eða garðlög var að finna í nágrenninu. Það helgast líklega af því að sléttlendið bæði norðan og sunnan tóftanna eru nú unnar túnspildur.

**Haugar-1791-70**
**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Syðst og vestast í Haugahólum, tæplega 70m austur af Múlaá er tóft. Tóftin er á milli tveggja melhóla, Rauðamels að vestan en mikið minni hóll er austan við.
**Lýsing**
Tóftin er 8x15,5m að utanmáli og skiptist að minnsta kosti í sex hólf. Hún snýr VNV/ASA. Tvennar dyr eru greinanlegar aðrar til suðurs en hinar til austurs. Veggir eru 20-70sm háir og




*Mynd 24. Yfirlitsteikning af bæjartóft í Haugahólum.*

um metri á breidd, algrónir grasi en tvö stór grjót eru í veggjum. Hlutverk er óvíst líklegast er að þetta séu bæjartóftir.

**Aðrar upplýsingar**

Aðrar tóftir fundust ekki í nágrenni tóftarinnar en bæði norðan og sunnan hennar eru slétt tún og þær gætu því verið horfnar.

**Haugar-1791-71**

**Hlutverk:** Óþekkt, kofi

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Syðst og vestast í Haugahólum, tæplega 70m austur af Múlaá er tóft sjá nr. 1791-70. og 80m austar, í skarði á milli tveggja hárra hóla er grjóthlaðin tóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur austur/vestur, samsíða skarðinu sem hún er í. Hún er 2,5x4m að utanmáli með dyr eða hlið til vesturs. Hleðslan er regluleg en ekki mjög há, 30-50sm og um 50sm á breidd. Grjót sést greinilega í hleðslunni en tóftin er annars gróin grasi, mosa og lyngi. Stórt grjót er við austurendann.

## Bessastaðir í Fljótsdal

### *Ágrip af sögu*

Bessastaðir í Fljótsdal er stórbýli frá fornu fari. Þar var aðal kirkjustaður í Fljótsdal fram um 1200 en síðar hálfkirkja, aflögð í byrjun 17. aldar. Opinber þingstaður var í margar aldir á Bessastöðum og fram um miðja 18. öld (Helgi Hallgrímsson 2011, bls. 117). Bærinn er sagður nefndur eftir fyrsta ábúandanum Spak-Bersa og er haugur hans friðlýstur í túni bæjarins (SJM II, bls. 30). Í friðlýsingarskrá (Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930) eru tilteknar tvær minjar, annarsvegar meint goðatóft sunnan Bessastaðaár og Bessahaugur í túni bæjarins. Sigurður Vigfússon lýsir tóftinni svo: „Í litlum fögrum hvammi, útsunnanvert við ána [Bessastaðaá], gagnvart *Bersastöðum*, litlu ofar en áin kem fram úr gljúfrunum, er löng tóft, mjög niðrsokkin, 60-70 fet á lengd; breiddin verður eigi kveðin, eða hvar dyr hafa verið, enn víst mun þetta vera *blóthús Bersa*“ (Árbók 1893, bls. 36). Bessahaugi lýsir Vigfús Ormsson prestur í fornleifaskýrslu 1821 og segir um 70 faðma sunnan bæjar. Hann er nú neðst og syðst í túninu við aura Bessastaðaár, friðlýstur 1930.

Neðsti fossinn í Bessastaðaárgili er Tófufoss. Rétt ofan hans er Stekkur í nafnlausum hvammi utanvert í gilinu. Þar eru tóftir og garðlög.

### *Minjar 2015*

Skoðaðar voru minjar á þremur stöðum, friðlýsta tóftin innan Bessastaðaár, Bessahaugur og fornleifar í hvammi upp með Bessastaðaá. Í hvamminum upp með Bessastaðaánni eru leifar stekkjar, réttar og garðlags. Garðurinn myndar hálfhring við gljúfurbakka norðan árinnar og er mögulega nátthagi. Hið meinta blóthús Spak-Bersa vestan Bessastaðaár var einungis ein jarðsokkin tóft. Fátt verður fullyrt um tilgang hennar. Bessahaugur var svo mældur upp.

**Bessastaðir-1791-72**

**Sérheiti:** Bessahaugur

**Hlutverk:** Haugur, heimild

**Tegund:** Hóll

**Staðhættir**

Neðst og syðst í túni um 140m SSA af íbúðarhúsinu á Bessastöðum og 80m neðan vegar er Bessahaugur, lágur hóll sem sagður er vera haugur Bersa Össurarsonar (Spak-Bersa).

**Lýsing**

Hóllinn sem er um 70sm hár hefur upphaflega verið um 5m í þvermál en búð er að grafa í hann svo nú er hóllinn skeifulaga. Hann er algróinn grasi og ekki sjást á honum eða við hann önnur mannaverk en geilin eftir gröftinn.

**Bessastaðir-1791-73**

**Hlutverk:** Vörslugarður, nátthagi

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Stekkur heitir í nafnlausum hvammi utanvert í árgili Bessastaðaár um 500m upp af Fljótsdalsvegi (933). Austurhluti hvammsins er afgirtur með garðlögum.

**Lýsing**

Neðan undir hvamm brekkunni er garðlag í boga til vesturs frá gilbrúninni austast í hvamminum. Það er 155m langt, 50sm hátt og mest um 3m á breidd. Garðlagið er gróið grasi, mosa og ljónslöpp og hlaupið í þúfur. Grjóthleðsla er ofan á garðinum að vestan og virðist sú hleðsla vera yngri og jafnvel mun yngri.



*Mynd 25. Horft til suðurs yfir garðlög og aðrar tóftir í hvammi ofan Bessastaða. Handan Bessastaðaárgils nær vegi er flötin þar sem liggur tóftin sem kallast Goðaborg.*

**Bessastaðir-1791-74**
**Hlutverk:** Vörslugarður, nátthagi
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Stekkur heitir í nafnlausum hvammi utanvert í árgili Bessastaðaár um 500m upp af Fljótsdalsvegi (933). Austurhluti hvammsins er afgirtur með garðlögum.
**Lýsing**
Hlaðið hefur verið ofan á vesturhluta garðs [1791-73] nr. með grjóti og eru það líklega yngri viðbætur. Grjótgarðurinn myndar hólf sem er um 720m$^2$ að flatarmáli. Neðri og líklega eldri hluti garðsins er grasi gróinn en grjóthleðslan ofan á ógróin og að nokkru leyti hrunin. Garðurinn er hæstur um 70sm og mest 3m á breidd. Til suðurs er garðurinn að mestu horfinn og engin grjóthleðsla er ofan á honum.

**Bessastaðir-1791-75**
**Sérheiti:** Stekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Stekkur heitir í nafnlausum hvammi utanvert í árgili Bessastaðaár um 500m upp af Fljótsdalsvegi (933). Austanvert í hvamminum er nokkuð stór tóft sem gæti verið stekkjartóft.
**Lýsing**




*Mynd 26. Yfirlitsteikning asf garðlögum og stekkjatóftum í hvammi upp með Besstastaðaá.*

LTóftin er tvískipt og snýr nálega norður/suður og er 7x13m að utanmáli. Réttin er 8m löng en lambakróin 2m löng. Dyr hafa snúið til suðurs. Veggir eru 10-40sm háir og metri á breidd, grjóthlaðnir en að mestu grasi og mosa grónir. Tóftin virðist byggð á eldri minjum.

**Bessastaðir-1791-76**
**Sérheiti:** Stekkur
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Stekkur heitir í nafnlausum hvammi utanvert í árgili Bessastaðaár um 500m upp af Fljótsdalsvegi (933). Austanvert í hvamminum er stór stekkjar tóft [1791-75] nr. og 10m vestan við hana önnur tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur, 4,5x5m að utanmáli. Hún er tvískipt og tvennar dyr eða hlið hafa verið mót suðvestri og hugsanlega einar mót norðaustri. Veggir eru jarðsokknir, 10-30sm háir og um metri á breidd. Þeir eru algrónir grasi og mosa.

**Bessastaðir-1791-77**
**Sérheiti:** Goðaborg
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Í hvammi sunnan við Bessastaðaárgilið er fornleg tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr VNV/ASA og er 5x14m að utanmáli, algróin grasi og mosa. Hún liggur þversum neðan undir hvammbrekkunni. Veggir eru jarðsokknir, um 10sm háir og um metri á breidd nema við endana þar sem breiddin er nær tveimur metrum. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni sem er öll fremur ógreinilegt. Einföld grjótröð virðist liggja til norðurs frá norðvesturhorni tóftar.




*Mynd 27. "Goðaborg" sunnan Bessastaðaár.*

**Aðrar upplýsingar**

Í Örnefnaskrá segir (bls. 2) segir: „Innan við Bessastaðaá, ofan við melana, er hvammur. Í honum er Goðaborg. Þetta er smátóft, og er talið að hér hafi hof Bessa staðið".



*Mynd 28. Horft til suðvesturs yfri tún í Brattagerði. Bæjartóftirnar vinstra megin við miðja mynd, handar lækjargils. Enn er uppistandandi hluti fjárhústóftar og hvítmálaða byggingin er gangnakofi Fljótsdælinga.*

## Brattagerði á Jökuldal

### *Ágrip af sögu*

Í drögum að Árbókartexta Hjörleifs Guttormssonar segir: „Í Rana voru á 19. öld tvö býli, Brattagerði og Þorskagerði og voru skilin á milli þeirra talin um Sauðá, sem fellur frá Sauðárflóa í Jöklu nálægt miðjum Rana […] Utan við Sauðá sem er um miðju Ranans, er undirlendi lítið sem ekkert, en brekkur brattar niður í Jöklu með skriðum neðst. Stutt inn frá ranasporðinum er þó hjalli 200-300 m breiður, há og brött brekka ofan við, en þverhnípi við ána.“ Í Sveitum og jörðum (I bindi, bls. 291) segir: „Býli þessi eru sérstæð að því leyti, að þau eru bæði í eigu Skriðuklausturs og voru löngum nytjuð þaðan í svo ríkum mæli, að á þau var litið sem hluta af Skriðujörð […] Þau tilheyra Jökuldalshreppi og áttu kirkjusókn þar, en eru nýtt að gögnum og gæðum af annarri sveit“. Brattagerði var 5 kílómetrum utar en Þorskagerði og liggur á tveimur stöllum neðst í brekku ofan Jökulsár. Býlið er talið upp sem Skriðuklaustursjörð í jarðabók Johnsens 1847 en mun hafa farið í eyði 1878. Þar er nú gangnamannakofi Fljótsdælinga, eina húsið sem er uppistandandi.

### *Minjar 2015*

Samkvæmt friðlýsingarskjali (Skjal MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10. 07. 1931) er í Brattagerði friðlýst forn bæjarrúst. Töluverðar minjar er að finna á Brattagerði, fornar og yngri tóftir. Á efra þrepinu eru tvennar bæjartóftir. Annars vegar tóftin sem líklega er verið að tala um í friðlýsingarskjalinu en einnig yngri bæjartóftirnar. Fornt garðlag liggur frá eldri bæjartóftunum niður að Jökulsá. Aðrar sýnilegar minjar tilheyra allar yngsta bænum.




*Mynd 29. Afstöðumynd af minjum í Brattagerði.*

**Brattagerði-1791-78**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Bæjartóftin er á hjalla syðst í túninu og stendur fremst á brún hans.
**Lýsing**
Tóftin er 14x22m að utanmáli. Hún liggur norðaustur/suðvestur, samsíða brekkubrúninni og skiptist í 6 hús. Veggir eru grónir grasi og mosa en það sér í grjóthleðslur í þremur húsanna. Þeir eru stæðilegir og útlínur bæjar skýrar, 40-160sm háir og 1,5-2m á breidd. Fernar dyr hafa snúið fram á hlaðið til norðvesturs og einar á bakhlið mót suðaustri. Óljós veggjalög eru

austan við tóftina og sunnan hennar eru tveir niðurgreftir hlið við hlið sem eru u.þ.b. 20-30sm djúpir.

**Aðrar upplýsingar**

Um er að ræða tóftir seinasta bæjarins.

**Brattagerði-1791-79**

**Hlutverk:** Óþekkt, kofi

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Vestan Eyvindarárgils um 65m suðvetur af brúnni yfir gilið er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður og er 5x5,5m að utanmáli. Veggir eru 10-30sm háir, 1-2m á breidd og grónir grasi, mosa og lyngi. Gata liggur í gegnum tóftina frá austri til vesturs. Torfið í tóftina virðist vera tekið umhverfis hana.

**Brattagerði-1791-80**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Brattagerði er byggt á tveimur hjöllum. Á efri hjallanum og jafnframt þeim minni er bæjartóftin (sjá nr. 1791-78). Sunnarlega á hjöllunum er fornt garðlag, líklega túngarður.

**Lýsing**

Garðurinn nær frá vesturbrún neðri hjallans til suðausturs og upp brekkuna upp á efri hjallann. Þar rofnar hann en heldur svo áfram sunnan við bæjartóftina frá tóft [1791-81] nr. og áfram til norðausturs. Hann er alls um 100m langur, 40sm hár og mest rúmlega metri á breidd, grasi gróinn. Sá hluti garðsins sem liggur á efri hjallanum var ekki skráður á vettvangi en sást á loftmynd og var teiknaður þannig upp. Því má gera ráð fyrir einhverri skekkju í skráningunni.

**Aðrar upplýsingar**

Auk tóftar nr. 1791-81 er garðurinn einu merkin um forna byggð í Brattagerði.

**Brattagerði-1791-81**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Sunnan við bæjartóftina [1791-78] er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr VNV/ASA og er 9x18m að utanmáli. Hún er a.m.k. tvískipt. Hún er óvenjuleg í laginu að því leyti að hún liggur í boga. Veggir eru grasi og mosa grónir, 20-60sm háir og mest um metri á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Tóftin virðist áföst túngarðinum [1791-80] og jafnaldra honum.

**Brattagerði-1791-82**

**Hlutverk:** Útihús



*Mynd 30. Horft til suðvesturs að bæjartóftum [1791-78] í Brattagerði sem sjást fjærst tófta vinstra megin á mynd. Handan bæjarlækjar er svo útihúsatóftin [1791-82] og næst á mynd útihúsatóft [1791- 85] sem liggur á norðurbakka gilsins sem bæjarlækurinn rennur um.*

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Yst á bæjarhólnum, norðan við bæjartóftina (sjá nr. 1791- 78) og götuna sem liggur heim að bæjardyrum er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er mögulega tvískipt, 4-7x10m að utanmáli. Greinilegt hólf er til norðurs 1,5x7,5m að innanmáli og mögulega annað þar sunnan við sem er 1,5x2,5m að innanmáli. Tóftin er algróin grasi en sér í einn steinn í veggbrún. Veggir eru 20-30sm háir og 1-1,5m á breidd.

**Brattagerði-1791-83**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Gata

**Staðhættir**

Gatan heim að bæ sést greinilega á kafla á milli bæjartóftarinnar nr. 1791-78 og tóftar nr. 1791-82

**Lýsing**

Heimreiðin er greinileg á um 30m kafla frá bæjarhlaðinu og til norðausturs frá bæjartóftinni. Hún er mest um 70sm djúp.

**Brattagerði-1791-84**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, niðurgröftur

**Staðhættir**
Ofan við bæjartóftina (sunnan og suðvestan) er grasi og mosa gróinn bakki og mögulega er grafin tóft inn í hann.
**Lýsing**
Meint tóft er 3x3,5m að innanmáli og veggir 20-40sm háir og um metri á breidd. Hún er opin til norðvesturs í átt að bæjartóftinni. Veggir eru algrónir grasi og mosa. Óvíst er hvort að þarna hafi verið bygging en greinilega er um eitthvað manngert að ræða.

**Brattagerði-1791-85**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Lækur rennur í gili í gegnum túnið austan við bæinn. Á gilbrúninni, efst í túni um 30m norðaustur af bæjartóftinni [1791-78] er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 6x10m að utanmáli með lítilli tóft sem er áföst að suðvestan og er líklega heytóft. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í hleðslur en tóftin að öðru leyti gróin grasi og mosa. Þeir eru 30-120sm háir og rúmlega metri á breidd en veggir heytóftar eru 10-20sm háir. Dyr hafa verið við norðvesturhorn.

**Brattagerði-1791-86**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Lækur rennur í gili í gegnum túnið austan við bæinn. Í hvammi austan við gilið og ofan túns um 50m norðaustur af bæjartóftinni [1791-78] er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr nálega norður/suður og er 5x6m að utanmáli. Dyr snúa mót vestri í átt að túninu. Steinar eru greinanlegir í hleðslunni en tóftin að öðru leyti gróin grasi og mosa. Þeir eru 40-100sm háir og um metri á breidd.

**Brattagerði-1791-87**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Bæjarstæðið í Brattagerði er á tveimur hjöllum, bærinn stendur á efri hjallanum og en túnið á neðri hjallanum. Fjárhústóft er neðst í túninu á neðri hjallanum tæplega 70m norðvestur af bæjartóftinni [1791-78].
**Lýsing**
Fjárhústóft með garða og hlöðu eða heytóft til NNA. Hún er 6x15m að utanmáli og hafa dyr verið á suðvesturhorni og snúið til vesturs. Innangengt er af garða í hlöðu/heytóft. Veggir eru grjóthlaðnir, 30-80sm háir og 1-1,5m á breidd og sjást vegghleðslur greinilega en tóftin að öðru leyti gróin grasi og mosa.



*Mynd 31. Horft til norðausturs yfir gilið sem bæjalækurinn rennur um. Fremst við rofabakkann fyrir miðri mynd er tóft [1791-88] sem er tekin að falla fyrir bakkann.*

**Brattagerði-1791-88**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots.** Byrjað er að brotna af tóftinni til norðvesturs þar sem hún liggur fram á lækjarbakka.
**Staðhættir**
Bæjarstæðið í Brattagerði er á tveimur hjöllum, bærinn stendur á efri hjallanum en túnið á neðri hjallanum. Fjárhústóft er á suðurbakka lækjargils neðst í túninu á rúmlega 70m NNV af bæjartóftinni [1791-78]
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 6x11m að utanmáli. Hún er tvískipt og eru dyr syðst á vestur langvegg. Innangengt er á milli hólfa. Veggir eru 60-100sm háir og um metri á breidd, algrónir grasi.

**Brattagerði-1791-89**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Lækur rennur í gili gegnum túnið í Brattagerði. Fjárhústóft er á norðurbakka lækjarins 100m norður af bæjartóftinni og 25m austur af gangnamannakofa.

**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 6x15m að utanmáli. Tvískipt, fjárhús með garða til suðvesturs og hlaða eða heytóft til norðausturs. Innangengt hefur verið á milli. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í hleðslur en tóftin að öðru leyti grasi gróin. Veggir eru 50-100sm háir og 1-2m á breidd.

**Brattagerði-1791-90**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft, hús
**Staðhættir**
Gangnamannakofi er í túninu í Brattagerði og suðaustan hans er fjárhústóft og áfast því uppistandandi hús.
**Lýsing**
Tóftin er 8x11m að utanmáli en húsið sem er suðvestan við það um 5x6m að utanmáli. Veggir tóftarinnar sem er tvískipt eru grasi grónir og allt að 60sm háir og mest 2m á breidd. Veggir hússins eru grjóthlaðnir og standa ágætlega. Dyr eru mót suðvestri. Bárujárn er á þaki en torf



*Mynd 32. Horft til suðausturs upp túnið sunnan bæjarlækjar. Fyrir miðri mynd er gagnamannakofi en hægra megin við hann er ennþá uppistandandi hluti tóftar [1791-90].*

á því.

**Brattagerði-1791-91**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Lækur rennur í gili gegnum túnið á Brattagerði. Fjárhústóft er á norðurbakka lækjarins um 80m norðaustur af bæjartóftinni [1791-78].

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 6x12m að utanmáli. Tóftin er tvískipt, líklega fjárhús eða annað gripahús með hlöðu/heytóft. Veggir eru lágir 10-20sm háir og virðast hafa verið fjarlægðir og virðist sem tóftin sé niðurgrafin. Dyr eru við vesturhorn tóftar.

**Brattagerði-1791-92**

**Hlutverk:** Óþekkt, kofi

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Lækur rennur í gili gegnum túnið á Brattagerði og annað gil, nokkuð minna, er norðan þess. Á austurbakka þess um 55m norður af gangnamannakofanum er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 5x5m að utanmáli og hafa dyr verið mót norðvestri. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í hleðslur en tóftin að öðru leyti grasi og mosa gróin. Þeir eru 10-60sm háir og um metri á breidd. Veggir hafa að líkindum verið hlaðnir úr grjóti og torfi og torfið verið stungið umhverfis tóftina.

**Brattagerði-1791-93**

**Hlutverk:** Torftaka

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Lækur rennur í gili gegnum túnið í Brattagerði og annað gil, nokkuð minna norðan þess. Á milli giljanna fremst á hjallanum sem túnið liggur, er torftökusvæði, um 290m$^2$ að stærð.

**Brattagerði-1791-94**

**Hlutverk:** Vörslugarður, túngarður?

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Um 311m norðan við bæjartóftina [1791-78] túnið er garðlag, sem liggur frá lækjargili í átt að hvammbrúninni sem túnið er á.

**Lýsing**

Garðurinn er um 45m langur á hvammbrúninni í VNV að læknum til ASA. Hlið er á honum og gata þar í gegn. Norðan við garðinn er skurður. Veggir eru 30-50sm háir og mest um metri á breidd. Hann er grjóthlaðinn en grasi og mosa gróinn.

## Þorgerðarstaðir Þorgerðarstaðadalur í Fljótsdal

### *Ágrip af sögu*

Býlið Þorgerðarstaðir í Suðurdal í Fljótsdal var fyrrum í eign Valþjófstaðakirkju en síðan í bændaeign. Heimildir eru um mörg sel á Þorgerðarstaðadal og örnefnið Seljadalur er að finna í máldaga Valþjófsstaðar (Beitarhús voru á Dalshúsum í mynni Þorgerðarstaðadals til 1958 og innar á Sveinsseli á 19. öld, og fornar seljarústir enn innar á Hringseli, Stöppuseli og Randalínuseli, það síðastnefnda talið nefnt í höfuðið á Randalín Filippusdóttur húsfreyju á Valþjófsstað á 13. öld (Hjörleifur Guttormsson, drög að Árbók 2018).

### *Minjar 2015*

Gengið var inn Þorgerðarstaðadal og þar skráðar minjar beitarhúsa og fornbýlis á Dalshúsum og einnig var gengið inn frá Sveinsseli að svokölluðu Randalínuseli og minjar skráðar sem fundust á leiðinni. Skráning á Þorgerðarstaðadal var mjög örðug vegna mikils og þétts trjágróðurs. Einnig voru mældar upp helstu minjar í túni á Þorgerðarstöðum þó svo að heildarskráning jarðarinnar hafi ekki verið ætlunin.




*Mynd 33. Yfirlitseikning af minjum á Dalshúsum. Ljósgrænni minjarnar eru af beitarhúsum frá Þorgerðarstöðum en dökklitaðri minjar tilheyra fornbýlinu.*

**Þorgerðarstaðir-1791-95**
**Sérheiti:** Dalshús
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**
Dalshús eru í mynni Þorgerðarstaðadals um 1,2km suðvestur af Þorgerðarstöðum, upp af ármótum Keldár og Fellsár. Túngarður er á Dalshúsum og innan hans tvennar beitarhúsatóftir. Vestari húsin eru rétt um 5m vestur af túngarði þar sem hann liggur vestan og ofan tóftanna.
**Lýsing**
Tvístæð fjárhús með hlöðu eða heytóft til norðvesturs. Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 14x18m að utanmáli. Dyr hafa vitað til austurs. Veggir eru stæðilegir 70-180sm háir og 1-2m á breidd. Hleðslur í veggjum sjást vel en tóftin að öðru leyti grasi gróin.
**Aðrar upplýsingar**
Í riti Helga Hallgrímssonar Mannvistarminjar í Fljótsdal segir um Dalshús: „Dalshús standa í mynni dalsins, andspænis Fellshúsum frá Flöt. Hætt var að nota húsið 1958. Þar eru greinilegar fjárhúsatættur á tveimur stöðum í túni, og sést móta fyrir fornum *túngarði*. Veggir húsanna eru fallega hlaðnir, að miklu leyti úr hellugrjóti, sem Þórhallur segir að hafi verið sótt ofan í Keldárgil.“ (Helgi Hallgrímsson 2013, 32).

**Þorgerðarstaðir-1791-96**
**Sérheiti:** Dalshús
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Dalshús eru í mynni Þorgerðarstaðadals um 1,2km suðvestur af Þorgerðarstöðum, upp af ármótum Keldár og Fellsár. Túngarður er á Dalshúsum og innan hans tvennar beitarhúsatóftir.
**Lýsing**
Tóftin snýr VNV/ASA og er 6x18m að utanmáli. Fjárhús með garða eru til austurs en hlaða eða heytóft til vesturs. Veggir eru 1,5-3m háir og 1-2m á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í riti Helga Hallgrímssonar Mannvistarminjar í Fljótsdal segir um Dalshús: „Dalshús standa í mynni dalsins, andspænis Fellshúsum frá Flöt. Hætt var að nota húsið 1958. Þar eru greinilegar fjárhúsatættur á tveimur stöðum í túni, og sést móta fyrir fornum *túngarði*. Veggir húsanna eru fallega hlaðnir, að miklu leyti úr hellugrjóti, sem Þórhallur segir að hafi verið sótt ofan í Keldárgil.“ (Helgi Hallgrímsson 2013, 32).

**Þorgerðarstaðir-1791-97**
**Sérheiti:** Dalshús
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Bæjarhóll
**Staðhættir**
Dalshús eru í mynni Þorgerðarstaðadals um 1,2km suðvestur af Þorgerðarstöðum, upp af ármótum Keldár og Fellsár. Vestari beitarhúsin [1791-95] eru byggð á eldri minjum sem ná austur fyrir tóftina og gætu verið leifar af bæjartóftum.
**Lýsing**
Austari fjárhúsin [1791-96] standa syðst í mögulegu bæjarstæði. Tóftasvæðið er um 20x20m og hefur augljóslega verið rutt um þannig að húsaskipan og veggir eru ekki vel greinanlegir. Einnig var mikill gróður á svæðinu.

**Aðrar upplýsingar**
Leifar þessa bæjar tilheyra túngarði sem sjá má á kafla norðan og vestan tóftanna. Engar heimildir eru um þennan bæ. Í riti Helga Hallgrímssonar Mannvistarminjar í Fljótsdal segir um Dalshús: „Dalshús standa í mynni dalsins, andspænis Fellshúsum frá Flöt. Hætt var að nota húsið 1958. Þar eru greinilegar fjárhúsatættur á tveimur stöðum í túni, og sést móta fyrir fornum *túngarði*. Veggir húsanna eru fallega hlaðnir, að miklu leyti úr hellugrjóti, sem Þórhallur segir að hafi verið sótt ofan í Keldárgil.“ (Helgi Hallgrímsson 2013, 32).

**Þorgerðarstaðir-1791-98**
**Sérheiti:** Dalshús
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Túngarður er utan um túnið á Dalshúsum á um 110m löngum kafla að norðan og um 60m löngum kafla að vestan og ofan.
**Lýsing**
Túngarðurinn er um 20-70sm hár og tæplega metri á breidd. Hann er grasi og mosa gróinn og mis vel greinanlegur. Hann er grjóthlaðinn og virðist hafa legið niður að Keldá.
**Aðrar upplýsingar**
Í riti Helga Hallgrímssonar Mannvistarminjar í Fljótsdal segir um Dalshús: „Dalshús standa í mynni dalsins, andspænis Fellshúsum frá Flöt [...]. Þar eru greinilegar fjárhúsatættur á tveimur stöðum í túni, og sést móta fyrir fornum *túngarði*“ (Helgi Hallgrímsson 2013, 32).

**Þorgerðarstaðir-1791-99**
**Sérheiti:** Dalshús
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Túngarður er utan um túnið á Dalshúsum á kafla að norðan og vestan. Í brekku norðan bæjarlækjar, utan við norðvesturhorn túnsins er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og snýr norðvestur/suðaustur. Dyr eru á hvoru hólfi og snúa báðar til suðurs. Veggir eru mjög þýfðir, 20-40sm háir og tæplega 1-1,5m á breidd. Tóftin er gróin grasi, mosa og lyngi.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin er mun eldri en beitarhúsin og hefur líklega tilheyrt bænum sem þarna var.

**Þorgerðarstaðir-1791-100**
**Sérheiti:** Dalshús
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 10m sunnan við suðurenda túngarðsins [1791-98] á Dalshúsum og rúmlega 30m suður af beitarhúsatóft nr. er lítil tóft.

**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 2,5x4m að utanmáli. Hún er niðurgrafin og veggir óljósir, 10-40sm háir og innan við metri á breidd, grónir grasi og mosa. Tóftin virðist eldri en beitarhúsatóftirnar.

**Þorgerðarstaðir-1791-101**
**Sérheiti:** Dalshús
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 30m sunnan við suðurenda túngarðsins [1791-98] á Dalshúsum og rúmlega 50m suður af beitarhúsatóft nr. er lítil mjög óglögg tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 2x3m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvesturs. Mikill gróður er á og umhverfis tóftina og hún því illgreinanleg. Veggir eru 10-30sm háir.

**Þorgerðarstaðir-1791-102**
**Sérheiti:** Hringsel
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í riti Helga Hallgrímssonar Mannvistarminjar í Fljótsdal segir: „Hringsel var á Hringselsgrund (utan- og ofantil) um 700 m innan við Dalshús, og voru þar sýnilegar tættur fram um 1941, þegar skriða féll þar yfir, eins og víðar á þessum slóðum. Í fjallinu eru Hringselsgjá og Hringselsstapi kennd við selið.“ (Helgi Hallgrímsson 2013, 32-33).
**Lýsing**
Engar tóftir fundust á þessum slóðum við vettvangsskráningu í ágúst 2015. Þarna eru nú grónar skriður og mögulegt að selið hafi alveg horfið undir skriðu eins og getið er í heimild hér að ofan.

**Þorgerðarstaðir-1791-103**
**Hlutverk:** Óþekkt, vörslugarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Utan við Sveinssel, um 190m norðaustur af beitarhúsatóftinni er garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið er grjóthlaðið og er beggja vegna vegslóðans sem liggur að Sveinsseli. Neðan við slóðann og niður að Keldá er garðurinn



*Mynd 34. Grjótgarður [1791-103] utan Sveinssels.*



*Mynd 35. Horft til norðurs yfir beitarhúsin á Sveinsseli.*

reglulegur að lögun og greinilegur á um 5m kafla og svo aftur neðar í brekkunni, nær ánni. Ofan vegar er hann ekki eins reglulegur en sæmilega greinilegur á um 25m kafla. Hann er um 30sm hár. Hann liggur frá ánni í suðaustri og upp brekkuna til norðvesturs.

**Þorgerðarstaðir-1791-104**
**Sérheiti:** Sveinssel
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sveinssel var á Þorgerðarstaðadal um 3,6km innan við Þorgerðarstaði. Þar fundust engar minjar um sel en beitarhúsatóft er þar í túni.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 19x19m að utanmáli. Þrennar dyr snúa til suðausturs en einar mót suðvestri. Tóftin skiptist í 5 hólf. Áföst við norðaustur langhlið er lítil tóft, svokallað Mjólkurhús. Sunnan þess eru fjárhús með garða og sunnan við það hlöðu- eða heytóft. Syðsta tóftin er mögulega heytóft. Veggir syðstu tóftarinnar eru lægstir og sú tóft ógreinilegust. Veggir eru stæðilegir allt frá 20-160sm að hæð og um 1,5m á breidd. Grjóthleðslur sjást greinilega en húsin að öðru leyti gróin grasi og mosa.
**Aðrar upplýsingar**
Í riti Helga Hallgrímssonar Mannvistarminjar í Fljótsdal segir um Sveinssel: „Þarna eru mjög skýrar tættur, þær yngstu af beitarhúsum, stór fjárhústótt, af húsi sem gæti hafa rúmað um 80

sauði, veggir mjög vel hlaðnir úr köntuðu grjóti, enda stendur tóttin vel enn. Innan við hana eru tættur af tveimur „jötukofum", og lítil hlöðutótt við þá báða. Lítil tótt út úr aðaltóttinni er kölluð *Mjólkurhús*, og minnir á selbúskap á staðnum." (Helgi Hallgrímsson 2013, 32-33).

**Þorgerðarstaðir-1791-105**
**Sérheiti:** Stöppusel
**Hlutverk:** Óþekkt, sel
**Tegund:** Þúst, dæld
**Staðhættir**
Stöppusel er á Þorgerðarstaðadal um 6km innan við Þorgerðarstaði (og 2,2km innan við Sveinssel). Selstæðið er á grónum nokkuð sléttum hjalla í annars brattri fjallshlíð. Enginn trjágróður er á hjallanum en nokkuð þéttur skógur umhverfis hann á alla kanta.



*Mynd 36. Horft austurs yfir flötina þar sem Stöppusel á að hafa legið.*

**Lýsing**
Engar greinanlegar tóftir fundust á selstæðinu en gróin flöt er undir fjallsbrekkunni 8x20m að utanmáli með um 40sm hárri brún austan til. Sunnanvert á grasflötinni er dæld 2x5m að utanmáli og það virðist vera kantur meðfram henni að vestan. Þetta eru einu ummerki um mögulega byggð á Stöppuseli og hafi einhvern tímann verið sel þarna eru minjar þess nánast alveg horfnar.
**Aðrar upplýsingar**
Í riti Helga Hallgrímssonar Mannvistarminjar í Fljótsdal er eftirfarandi lýsing á minjum á Randalínuseli: „Stöppusel var á Stöppuklifi, innan og neðan við Stöppuskóg, talið „afbýli frá Þorgerðarstöðum" í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar (Múlaþing 5), en engar heimildir eru um búsetu þar, sem verður að teljast ólíkleg, enda þótt þarna sé vel gróið land og nokkuð búsældarlegt. Engar tættur fann ég þar við skoðun 26. júní 2000, en Páll Pálsson segir þar vera eina tótt, heldur óskýra." (Helgi Hallgrímsson 2013, 33).

**Þorgerðarstaðir-1791-106**
**Sérheiti:** Randalínusel
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta vegna landbrots.** Randlínulækur rennur sunnan við tóftina og hefur þegar brotið töluvert af suðurvegg hennar.
**Staðhættir**
Randalínusel er á Þorgerðarstaðadal tæplega 7km innan við Þorgerðarstaði (3,2km innan við Sveinssel). Tvennar tóftir eru á Randalínuseli sitthvoru megin Randalínulækjar. Seltóftin er á norðurbakka lækjarins.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt tæplega 7x8m að utanmáli, snýr norðaustur/suðvestur og hafa tvennar dyr verið og báðar snúið mót suðaustri. Tóftin er vel greinileg, veggir 40sm háir, tæplega 1,5m á breidd og nokkuð er hrunið úr þeim. Hún er algróin, gras og lyng er á veggjum en þykkur mosi inn í tóftinni. Randalínulækur sem er sunnan tóftarinnar hefur brotið af suðurvegg og sést þar í grjóthleðslur í rofinu. Um 15m eru fram að bröttu árgili Keldár.

**Aðrar upplýsingar**

Í riti Helga Hallgrímssonar Mannvistarminjar í Fljótsdal er eftirfarandi lýsing á minjum á Randalínuseli: „Fast við lækinn að utanverðu er lítill hólkollur, og á honum miðjum mótar greinilega fyrir tveimur tóttadæeldum. Hafa þar verið tvö lítið hús, sambyggð, og sést í grjótvegg við lækinn, sem e.t.v. hefur brotið eitthvað sunnan af rústinni (e.t.v. þriðja húsið?). Stærri tóttin, sem er lækjar megin, er um 4x4m að utanmáli, en sú minni um 3x4m, og mótar fyrir dyrum í austur á þeim báðum. Er líklegt að þarna hafi verið eldhús og búr selsins.“ (Ferðadagbók H. Hall. 26. júní 2000).“ (Helgi Hallgrímsson 2013, 33).




*Mynd 37. Yfirlitsteikning af tóftum á Randalínuseli.*

**Þorgerðarstaðir-1791-107**

**Sérheiti:** Randalínusel

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Randalínusel er á Þorgerðarstaðadal tæplega 7km innan við Þorgerðarstaði (3,2km innan við Sveinssel). Tvennar tóftir eru á Randalínuseli sitthvoru megin Randalínulækjar. Sunnan lækjarins eru kvíar.

**Lýsing**

Tóftin er 4,5x10m að utanmáli, snýr VNV/ASA og hefur hlið verið á henni til ASA. Hún er nánast algróin lyngi og mosa en það sér í grjót í vegghleðslu á einum stað. Tóftin er vel greinileg, veggir 20-40sm háir og 1-1,5m á breidd. Aðeins hefur hrunið úr veggjum og þeir orðnir að nokkru þýfðir og smá rof er í veggjum einkum mót norðri. Um 10-15m eru fram á brún árgils Keldár sem er neðan við selstæðið.



*Mynd 38. Horft til suðurs yfir kvíarnar á Randalínuseli.*

Í riti Helga Hallgrímssonar Mannvistarminjar í Fljótsdal er eftirfarandi lýsing á minjum á Randalínuseli: „Stærsta tóttin er innan við lækinn, aflöng, í stefnu þvert á gilið, um 10 m löng og um 5 m breið að utanmáli, en austurendi er óglöggur. Þessi tótt gæti verið af íveruhúsi (baðstofu eða skála) selfólksins, en Páll Pálsson telur að hún sé líkast til af kvíum eða rétt (m.a. vegna stærðar). Tóttin er með sama gróðri og umhverfið (lyng, gras, grámosi og loðvíðir).“ (Helgi Hallgrímsson 2013, 33).

**Þorgerðarstaðir-1791-108**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðhættir**
Vegslóðin fram Þorgerðarstaðadal nær að Sveinsseli en þaðan taka við götur fram dalinn að seljunum.
**Lýsing**
Frá Sveinsseli að Randalínuseli eru um 3,2km í beinni loftlínu. Selgatan liggur frá Sveinsseli um bratta fjallshlíð þar til kemur inn að Randalínuseli. Framan við Sveinssel eru skriður sem eru að hluta grasi grónar en þar framan við tekur við skógur sem nær fram að Randalínuseli. Skógurinn hefur að mestu sprottið eftir að sauðfjárbeit var hætt og er illfær á köflum en þegar komið er í eldri skóg þar sem trén eru hærri er mun greiðfærara.

## Kiðjafellsþing og Fellshús (Fell) í Fljótsdal



*Mynd 39. Horft út Suðurdal til norðvesturs yfir flötina sem Fellshús stóðu. Uppmokaðar leifar beitarhúsanna eru hægra megin á mynd. Hinu megin ár má sjá tún og beitarhúsatóftir á Dalshúsum í landi Þorgerðarstaða. Ljósm. Hjörleifur Guttormsson.*

### *Ágrip af sögu*

Meint Kiðjafellsþing á að hafa verið í landi Sturluflatar. Sturluflöt er innsti bær í Suðurdal inn úr Fljótsdal og var fyrrum Skriðuklausturseign. Víða hefur verið fjallað um mögulega staðsetningu Kiðjafellsþings. Þingsins er getið í Fljótsdælasögu (Íslensk Fornrit XI, bls. 217-218) þar sem segir: „Ok er leið fram fram at vórþingi, þá reið Ásbjörn ofan í Fljótsdalshérað og stefndi Ölviði til vórþings til Kiðjafells – þessi þingstöð er á hálsinum milli Skriðudals ok Fljótsdals – ok sótti þar hrossamálit“. Í Sveitum og jörðum (II bindi, bls. 59) segir: „Þing-staðurinn forni, Kiðafellsþing, var sunnan í Suðurfelli en hann er horfinn undir skriðuhlaup“. Í sóknarlýsingu 1840 (bls. 134) er Suðurfell sagt vera „snarbratt klungrafjall á þrjá vegu sem kallast Fell“. Í neðanmálsgrein sömu heimildar er fjallið einnig sagt ganga undir nafninu Kiðufell. Í Safni til sögu Íslands (II bindi, bls.464) segir: „[…] Sér þar enn margar tóptir, og eru þó sumar blásnar burtu. Þar var lengi bær, allt fram um miðja 18. öld og hét að Felli […].

Í riti sínu Mannvistarminjar í Fljótsdal hefur Helgi Hallgrímsson tekið saman ýmsar heimildir um ætlaðan þingstað og minjar þar. Í ritinu (bls. 29) segir m.a. :“Var það almenn skoðun í Suðurdal, að þingið hefði staðið utan undir hámúla Suðurfells, þó frekar Villingadals megin, dálítið innar en andspænis bænum á Flöt [Sturluflöt]. Þar töldu gamlir bændur á fyrri hluta 20. Aldar sig muna eftir rústum og garðlagi, en þær hafa eyðst í skriðuhlaupum og uppblæstri snemma á öldinni. Þegar ég skoðaði staðinn 1968 í fylgd Halla Þorsteinssonar bónda á Flöt, sást þar ekki annað en nokkrar óljósar grjótraðir á melum. Staðurinn er heldur ólíklegur fyrir þinghald, enda töldu þeir Flatarbændur að „dómhringur“ hefði verið í sporðinum, þar sem

Fellsá og Keldá mætast, en hann var þá líka horfinn. Nánari skoðun og fornleifarannsókn gæti hugsanlega leitt í ljóst einhverjar minjar um þetta meinta vorþing“ […] „Ég gekk síðast um þetta svæði 27. ágúst 2001, en sá hvergi neitt sem bent gæti á þingstaðinn, nema eina litla, nokkurn veginn ferkantaða steinaþyrpingu á mel niður við gilið, skammt fyrir innan og ofan brúna á Fellsá. […] Þórhallur Björgvinsson frá Þorgerðarstöðum taldi sig muna eftir að hafa séð tættur á bala austan undir Fellinu, lítið eitt utar en á móti Strútsá, er hann kom þar 11 ára gamall (1933), í fylgd með Þóri Kárasyni á Sturluflöt […] Hann segist muna eftir grjóthringnum, sem var vel upp úr grasi, og var úr tvöfaldri steinaröð, og sitt hvoru megin við hann voru tvær aflangar tættur (tvær hvoru megin) aðskildar og snéru dyrum niður að gilinu […] Haustið 1941 féll skriða á þennan bala […] Þessi staður er 1,5x2 km innar en Flatar-bændur töldu þingstaðinn vera“. Í samantekt Helga Hallrímssonar (bls. 28) segir ennfremur: „Fellshús eru beitarhús frá Flöt, sem standa á túnbletti stutt fyrir innan Fellsá, í afréttarlandinu Suðurfelli. Þar telja sumir að hafi verið bærinn Fell til forna, sem Olavius segir hafa eyðst um 1700. (Ferðabók Olaviusar: Eyðibýlaskrá). Austan árinnar [Keldár], undir fellinu eru beitarhús frá Sturluflöt, en fyrr var þar bær, er hét að Felli, og er sagt að Kiðjafellsþing hafi verið háð þar í fornöld“.

***Minjar 2015***

Suðurhlíð Suðurfells var gengin en engar tóftir fundust eða vísbendingar um tóftir þær sem getið er í Safni til sögu Íslands. Svæðið þar sem Fellshús stóðu var einnig skoðað. Þar er nokkurt túnstæði en fáar tóftir. Beitarhúsunum sem þar voru hefur nýlega verið rutt um með stórvirkum vinnuvélum Í ruðningnum var dálítið um kol og móösku sem styður að þarna hafi fyrrum verið bær. Hinsvegar voru engar tóftir aðrar sem benda til bæjar né heldur tóftir sem telja mætti búðatóftir.



*Mynd 40. Horft til norðurs yfir leifar beitarhúsanna.*

**Sturluflöt-1791-109**

**Sérheiti:** Fellshús

**Hlutverk:** Beitarhús/híbýli

**Tegund:** Mannvistarleifar

**Staðhættir**

Sæmilega sléttur túnflötur er á nesi á ármótum Keldár og Fellsár, á móts við Sturluflöt og er um 3,5ha að stærð. Engin ummerki eru um túngarð en sunnarlega í túni er uppmokað hrúgald á þeim stað sem beitarhúsin munu fyrrum hafa staðið.

**Lýsing**

Nýlega hefur beitarhúsunum sem þarna voru verið rutt upp í stóra hrúgu og var ekkert eftir sem hægt var að mæla upp annað en staðsetningin. Í uppmokstrinum mátti greina kol og móösku sem styður hugmyndir um að beitarhúsin hafi verið reist á gömlu bæjarstæði. Uppmokaða hrúgan var um 20x20m að utanáli en einnig hafði um 10m svæði verið rutt upp allt í kringum hana.

**Aðrar upplýsingar**
Fyrir utan eina smáþúst í túni var engar aðrar augljósar tóftir að finna á svæðinu. Svæðið er afgirt og þar höfð hross.


*Mynd 41. Einar Hjörleifsson við óglögga þúst [1791-110].*

**Sturluflöt-1791-110**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
60m norðvestur af staðnum þar sem beitarhúsin stóðu er aflöng þúst í túni.
**Lýsing**
Þústin lá NNA-SSV um 6x3m að utanmáli og mátti sjá hleðslugrjót á einum stað. Annars var ekki hægt að greina veggi í henni.
**Aðrar upplýsingar**
Vera kann að þarna hafi verið tóft sem tilheyrt hefur býlinu en ekki verður fullyrt þar um.


*Mynd 42. Horft til norðvesturs yfir leifar Fellsréttar. Túnstæðið handan Keldár er á Dalshúsum í landi Þorgerðarstaða.*

**Sturluflöt-1791-111**
**Sérheiti:** Fellsrétt
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Við ármót Keldár og Fellsár er grjóthlaðin rétt á grónum bletti í gömlum farvegi Keldár.
**Lýsing**
Réttin skemmdist í flóði um 1980 og lítið eftir af henni. Eftir stendur einn grjóthlaðin veggur sem hlaðinn er upp við austurenda klettaborgar sem liggur milli réttarinnar og Keldár. Veggurinn er um 40-70sm hár, 4-5 steinaraðir. Ofan við vegginn er einföld hleðsla, 2 steinaraðir sem eru að miklu leyti hrundar. Hún gæti hafa verið til að hindra uppgöngu fjár á klettaborgina.
**Aðrar upplýsingar**
Í riti Helga Hallgrímssonar Mannvistarminjar í Fljótsdal segir: „Fellsrétt er í gömlum farvegi Keldár við Gerpishyl, beint niður af Fellshúsum […] Þessi merkilega rétt stórskemmdist í miklu flóði Keldár, líklega haustið 1980. Grjóthlaðinn vesturveggur stendur ennþá, en hinir veggirnir hafa sópast burtu. Þarna liggur hellugrjót, sem gæti verið úr veggjunum. Reyndar virðist öll þröngin hafa verið girt, því að hlaðið er í skörð innan við réttina. Talið er að réttin sé gömul, en hún var stækkuð á síðustu öld, og var óskipt. Eftir að réttin eyðilagðist var réttað heima við Fellshúsin.“ (Helgi Hallgrímsson 2013, 28-29).



*Mynd 43. Horft til suðurs yfir Goðanes. Handan við rudda vegslóðann má greina aflanga dæld skálatóftar [1791-112] sem talin er vera af hofi. Allar tóftirnar á svæðinu eru friðlýstar.*

## Goðanes í landi Hofteigs á Jökuldal - Ágrip af sögu

Hofteigur á Jökuldal er kirkjujörð frá öndverðu og löngum prestssetur. Hún er talin 12 hundruð í sýslu- og sóknarlýsingum Hofteigssóknar (2000, bls. 66). Samkvæmt Landnámabók á þar að hafa verið ónuminn teigur lands sem lagður var til hofs, og hafi jörðin dregið nafn sitt af því. Friðlýstar minjar ætlaðs hofs er að finna í landi jarðarinnar. Í friðlýsingarskrá (bls. 56) segir: „Hoftóft, og fleiri fornar tóftir við Teigará í Goðanesi“ (Friðlýsingarskjal MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931).

### *Minjar 2015*

Friðlýstu minjarnar eru á gróinni harðvellisflöt eða stalli um 3km innan við Hofteigsbæinn um 160m ofan Jökulsár og 170m neðan núverandi þjóðvegar. Minjasvæðið liggur samhliða hlíðinni og er 180m frá austri til vesturs og um 95m frá norðri til suðurs. Umhverfið allt nema flötin sem tóftirnar standa á er mjög uppblásið og berangurslegt. Þvert um svæðið liggur ruddur vegslóði. Á svæðinu eru þrjár mjög veglegar tóftir þ.m.t.meint hoftóft sem er austust tóftanna þriggja, rétt um 40m að lengd. Hinar stóru tóftirnar eru um 100m beint vestur af „Hoftóftinni“. Annarsvegar er um að ræða mögulega rétt sem hefur verið 27m löng og vestan hennar önnur skálalaga tóft um 20m löng. Tvö fornleg garðlög liggja til norður frá „hoftóftinni“ og við þau nokkrar smáþústir sem gætu verið tóftir en engin glögg veggjalög var hægt að greina. Sigurður Vigfússon lýsir tóftinni í smáatriðum í Árbók fornleifafélagsins 1893, en minnist þar hinsvegar ekki á aðrar minjar á svæðinu. Í Safni til sögu Íslands (1886, bls. 437-438) nefnir Sigurður Gunnarsson fjórar tóftir á svæðinu.




*Mynd 44. Yfirlitsteikning af tóftum og garðlögum í Goðanesi.*

**Hofteigur- 1791-112**
**Hlutverk:** Skáli
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í Goðanesi við Teigará rúma 1,1km framan (vestan) við Hofteigsbæinn eru friðlýstar fornleifar. Syðst þriggja stórra tófta er vegleg skálatóft, meint hoftóft.
**Lýsing**
Tóftin virðist þrískipt, snýr austur/vestur og er 8x41m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir 30-40sm háir og 1-3m á breidd. Dyr hafa verið vestast á suður langvegg og mögulegar dyr er að finna austast á syðri langvegg. Tóftin er algróin grasi og mosa. Fyrri lýsingar nefna einungis tvö hólf, aðal hólf eða skála vestanvert og smærra hólf að austan. Greinlegur veggur skilur eystra hólfið af frá vestari tóftinni en einnig virtist geta verið þverveggur austarlega í aðal tóftinni. Það er einnig mögulega eitt hús eða afhólf til viðbótar vestan við tóftina, 7x11m að utanmáli, en veggjalög mjög óljós og óverulegri en í aðaltóftinni. Friðlýsingarskilti er í millivegg í tóftinni.
**Aðrar upplýsingar**
Þegar Sigurður Vigfússon fór um svæðið 1890 lýsir hann hoftóftinni svo: „Tóftin snýr nær frá austri til vestrs, eða út og inn dalinn; hún er bæði niðrsokkin og fornleg og vallgróin, þannig að veggir tóftarinnar mynda sem ávala hryggi, enn þó er tóftin mjög glögg; hún skiftist í tvent, aðalhús og afhús, og er með svo ákaflega þykkum og breiðum millumvegg, að ég hefi aldrei séð slíkan, og er það glögt, að þar hafa aldrei verið dyr á. Lengd allrar tóftarinnar er 135 fet, þar af aðalhúsið 103 fet, mælt á miðjan millivegginn, enn afhúsið 32 fet, og er þetta 135 fet;



*Mynd 45. Gamall friðlýsingarstaur í millivegg í hoftóftinni. Horft til vesturs.*

breidd tóftarinnar er um 34 fet; og breiddin á milliveggnum eins og hann lítr nú út, er 16 fet, og er hann öllu breiðari en aðalveggir tóftarinnar yfir höfuð. Dyr hafa sjáanlega verið á aðalhúsinu út úr syðra hliðvegg við vestra gaflhlað, og engar aðrar dyr sýnast hafa á því verið. Dyr úr afhúsinu eru að vísu nokkuð óglöggvar, enn þó mun það víst að þær hafi verið á syðra hliðvegg, rétt við austr gaflhlaðið. Veggir tóftarinnar eru, eins og þeir líta nú út, 2-3 fet á hæð, að því er mælt verðr. Eg skal taka það fram, að afhúsið er í austrenda tóftarinnar, enn aðalhúsið í vestrenda, og er það sem afarstór skáli […]".

**Hofteigur- 1791-113**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í Goðanesi við Teigará rúma 1,1km framan (vestan) við Hofteigsbæinn eru friðlýstar fornleifar. Tæplega 120m vestur af hoftóftinni [1791-112] er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr nálega austur/vestur 9x30m að utanmáli. Veggir eru óglöggir og hlaupnir í þúfur vestan til en að öðru leyti vel greinilegir. Þeir eru 30-50sm háir og 1-2m á breidd. Ekki er augljóst hvar dyr eða hlið kunna að hafa verið á tóftinni.
**Aðrar upplýsingar**
Veggir tóftarinnar eru verst varðveittir af veggjum þriggja stórra tófta á svæðinu. Hún virðist skálalaga (með bogadregnum langveggjum) og gæti því mögulega verið skálatóft, en er þá nokkuð breið.

**Hofteigur- 1791-114**



*Mynd 46. Mögulegt jarðhúsi [1791-114]. Fjær sést tóft [1791-113].*

**Hlutverk:** Óþekkt, jarðhýsi?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Rétt um 2m norður af norðaustur horni tóftar nr. 1791-113 er allt að því hringlaga tóft.

**Lýsing**

Tóftin er niðurgrafin, rúmlega 7m í þvermál og 50-60sm djúp. Brúnir eru nálega hringlaga en botninn er nokkuð reglulega ferhyrndur. Engir glöggir veggir en örlítil upphækkun við brúnir niðurgraftarins.

**Aðrar upplýsingar**

Mögulega er um jarðhýsi að ræða en þau finnast oft í nálægð við skálatóftir.

**Hofteigur- 1791-115**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í Goðanesi við Teigará rúma 1,1km framan (vestan) við Hofteigsbæinn eru friðlýstar fornleifar. Um 170m vestur af meintri hoftóft [1791-112] nr. og 25m austur af tóft nr. 1791-113 er aflöng tóft. Hún er vestust stóru tóftanna þriggja.

**Lýsing**

Tóftin er 7x21m að utanmáli og snýr ANA/VSV. Hún er algróin grasi og mosa, jarðsokkin en vel greinileg. Veggir eru 10-40sm háir og 1,5-2m á breidd. Dyr eru fyrir miðju á suður langvegg.

**Aðrar upplýsingar**

Tóftin líkist einna helst skálatóft en um hlutverk hennar verður ekki fullyrt nema með frekari könnun.

**Hofteigur- 1791-116**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst, tóft

**Staðhættir**

Tæplega 50m vestur af ætlaðri hoftóft [1791-112] er gróin tóft eða þúst.

**Lýsing**

Þústin/tóftin er tæplega 7x9m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Hún er 10-20sm há. Innbrúnir eru ógreinilegar.



*Mynd 47. Óglöggt garðlag [1791-117] sem liggur upp og norður frá tóftinni.*

**Hofteigur- 1791-117**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Tvö garðlög liggja til norðurs frá meintri hoftóft nr. 1791-112.
**Lýsing**
Austara garðlagið liggur beint til norðurs frá austurenda skálatóftarinnar og er í heild 62m langt. Það er rofið af vegslóða nálægt norðurendanum. Annar veggbútur liggur til suðurs frá austurenda hoftóftarinnar og er 10m langur. Garðlagið er útflatt, hæst 30sm hátt um 1,5-2m á breidd. Það hefur samlagast umhverfi sínu, þýft og algróið grasi og mosa. Hlutverk er óþekkt.

**Hofteigur- 1791-118**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Tvö garðlög liggja til norðurs frá hoftóftinni nr. 1791-112.
**Lýsing**
Vestara garðlagið liggur beint til norðurs u.þ.b. frá miðju tóftarinnar og er 30m langt. Það er 10-30sm hátt og um 1,5m á breidd, þýft og algróið grasi og mosa.

**Hofteigur- 1791-119**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst, tóft
**Staðhættir**
Tvö garðlög liggja til norðurs frá hoftóftinni [1791-112] og á milli þeirra er þúst, 14m beint norður af hoftóftinni.
**Lýsing**
Þústin er 8x10m að utanmáli og 10-20sm há. Hún er grasi og mosa gróin og rofbrún er fyrir miðju. Rofbrúnin er hálfhringur en útbrúnir þústarinnar þó ferkantaðri.

**Hofteigur- 1791-120**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst, náttúrulegt?
**Staðhættir**
Upp við garðlag nr. 1791:117 að austan eru grónar þúfur sem gætu verið leifar mannvirkis.
**Lýsing**
Þústin er 3x7m að utanmáli, 20sm há og liggur samsíða garðinum frá norðri til suðurs. Hún er mynduð af grasi og mosa grónum þúfum sem gætu verið leifar mannvirkis. Dæld er syðst í þústinni.

**Hofteigur- 1791-121**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst, tóft
**Staðhættir**
Tæplega 40m norður af skálatóftinni nr. er tóft eða þúst.
**Lýsing**
Þústin er ferköntuð 2,5x4m að utanmáli og um 10sm há. Algróin grasi og mosa. Innbrúnir veggja og dyr eru ekki greinanlegar en um einhverskonar mannvirki virðist þó vera að ræða.
**Aðrar upplýsingar**
Í Safni til sögu Íslands (1886, bls. 437) segir [...] Upp undir melnum efst í nesinu sér enn merki smátópta, eins og þar hafi verið búðir í fornöld". Ekki verður fullyrt hvort um er að ræða sömu tóftir og Sigurður talar um en vera kann að þær hafi verið eitthvað gleggri á síðari hluta 19. aldar.

**Hofteigur- 1791-122**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Um 70m beint norður af hoftóftinni [1791-112] og um 20m vestur af eystra garðlaginu [1791-117].
**Lýsing**
Upphækkuð aflöng þúst sem liggur austur-vestur. 5,5x2,5m að utanmáli. Þústin er rétt um 20sm á hæð.

**Aðrar upplýsingar**
Í Safni til sögu Íslands (1886, bls. 437) segir […] Upp undir melnum efst í nesinu sér enn merki smátópta, eins og þar hafi verið búðir í fornöld". Ekki verður fullyrt hvort um er að ræða sömu tóftir og Sigurður Vigfússon talar um en vera kann að þær hafi verið eitthvað gleggri á síðari hluta 19. aldar.

**Hofteigur- 1791-123**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þústir
**Staðhættir og lýsing**
Norðvestur af hoftóftinni [1791-112] er svæði með þústum og uppblásnum rofbrúnum þar sem mögulega gætu leynst mannvirki en ekki er hægt að staðfesta það nema með frekari rannsókn. Þústirnar eru 10-40sm háar.
**Aðrar upplýsingar**
Í Safni til sögu Íslands (1886, II bindi, bls. 437) segir […] Upp undir melnum efst í nesinu sér enn merki smátópta, eins og þar hafi verið búðir í fornöld". Ekki verður fullyrt hvort um er að ræða sömu tóftir og Sigurður Vigfússon talar um en vera kann að þær hafi verið eitthvað gleggri á síðari hluta 19. aldar.



*Mynd 48. Þúst, mögulega óglögg tóft [1791-123]. Fleiri mögulegar tóftir er að finna á svæðinu en jarðvegur er svo illa farinn að erfitt er að greina hvort, eða hvernig, tóftir er um að ræða.*

## Kiðutættur í land Freyshóla í Skógum

***Ágrip af sögu***

Freyshólar voru upphaflega hjáleiga frá Hafursá og er ekki getið í manntalinu 1703 (SJM II, bls. 143). Hún er talin fimmtungur Hafursár í Jarðatali Johnsens 1847.

***Minjar 2015***

Gengið var á svokallaðar Kiðutættur nyrst í landi Freyshóla til að kanna hvort hægt væri að greina tóftir sem mögulega gætu hafa tilheyrt þinghaldi. Fjórar fornar tóftir er að finna í móanum, mjög jarðsokknar og óglöggar.




*Mynd 49. Yfirlitsmynd af Kiðutættum.*

**Freyshólar- 1791-124**
**Sérheiti:** Kiðutættur
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Í örnefnalýsingu Freyshóla (bls. 2) segir: „ Utan við Ásmýri eru Stekkholt sem liggja út undir Feta. Þrjár tóftir eru í. Grjótdalur er þar fyrir ofan. Hann nær út undir Kiðutættur sem eru ofan við Feta.“ Í uppblásnum móum tæplega 700m norðaustur af íbúðarhúsinu á Freyshólum eru fjórar fornar tóftir. Þrjár liggja sunnarlega í móanum en um 100m norðan þeirra er kofatóft.

**Lýsing**

Tóftin er 5-3m að utanmáli. Veggir óglöggir og jarðsokknir um 10-20sm háir og um 50sm breiðir. Tóftin er opin mót norðri. Tóftin er algróin lyngi og mosa og nokkuð fornleg líkt og aðrar tóftir í móanum.

**Freyshólar- 1791-125**
**Sérheiti:** Kiðutættur
**Hlutverk:** Óþekkt, kvíar?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Þrjár tóftir liggja syðst í móanum um 700m norður af íbúðarhúsinu á Freyshólum. Nyrst þeirra er aflöng tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur/suðaustur og er 3x3,5m að utanmáli. Veggir eru illgreinanlegir, 10-20sm háir og um 60sm breiðir. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni. Hún er er algróin grasi og mosa.

**Aðrar upplýsingar**

Tóftirnar þrjár syðst í móanum minna einna helst á tóftir af seli. Þessi tóft líkist helst kvíatóftum. Hinsvegar var ekki að finna rennandi vatn í nágrenni tóftanna sem nauðsynlegt er fyrir seljabúskap.



*Mynd 50. Horft til norðurs yfir þrískipta tóft [1791-126] á svokölluðum Kiðutættum.*

**Freyshólar- 1791-126**
**Sérheiti:** Kiðutættur
**Hlutverk:** Óþekkt, sel?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Þrjár tóftir liggja syðst í móanum um 700m norður af íbúðarhúsinu á Freyshólum. Syðst þeirra er aflöng, þrískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr NNA/SSV og er 14x3,5m að utanmáli. Veggir eru mjög ógløggir 10-20sm háir og um 60sm breiðir. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni. Hún er er algróin grasi, mosa og lyngi.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftirnar þrjár syðst í móanum minna einna helst á tóftir af seli. Þessi tóft gæti þá verið tóft íveruhússins. Hinsvegar var ekki að finna rennandi vatn í nágrenni tóftanna sem nauðsynlegt er fyrir seljabúskap.

**Freyshólar- 1791-127**
**Sérheiti:** Kiðutættur
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**
Þrjár tóftir liggja syðst í móanum um 700m norður af íbúðarhúsinu á Freyshólum. Í miðjunni er kofatóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 3x3,5m að utanmáli. Veggir eru illgreinanlegir, 10-20sm háir og um 60sm breiðir. Dyr hafa snúið mót norðvestri. Tóftin er algróin grasi og mosa.



*Mynd 51. Heytóft [1791] sunnan og ofan við Kiðutættur.*

**Freyshólar- 1791-128**
**Hlutverk:** Óþekkt, heytóft?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 650m ANA af íbúðarhúsinu á Freyshólum er tóft. Lækur rennur sunnan við tóftina og girt hefur verið meðfram henni að norðvestan.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 4x5,5m að utanmáli. Hún er vel greinileg og algróin grasi en veggir eru að nokkru þýfðir. Þeir eru 30-100sm háir og 1-1,5m á breidd. Tóftin er aðeins niðurgrafin að innan
**Aðrar upplýsingar.**
Tóftin er yngri en svokallaðar Kiðutættur, grasi vaxin.



*Mynd 1. Horft af Eldhúshóli til austurs yfir hluta af gamla bæjarstæði Vallanesbæjar. Flaggstöngin stendur á miðjum leifum gömlu kirkjunnar. Bærinn stóð á því svæði sem er nær á mynd við hlaðna minnisvarðann. Ítarlegt líkan af gamla bænum gert af Páli Magnússyni með aðstoð Magnúsar sonar hans er að finna í skrúðshúsi kirkjunnar.*

## Vallanes

### *Ágrip af sögu*

Vallanes var byggt þegar á söguöld, stórbýli og prestsetur um aldir (SJM, II. bindi, bls. 151-153). Ekki fóru fram víðtækar skráningar í Vallanesi heldur voru einvörðungu skráðar tóftir á og við Pálshúshól sem er yst (nyrst) í túni og liggur nú að hluta í landi Jaðars. Í ítarlegri örnefnaskýringu Páls Magnússonar frá Vallanesi segir: „Utarlega á Pálshúshólnum voru 3 skemmtilegar grasigrónar lautir, hver hjá annarri, sýnilega fornar húsatættur. Frá þeim var álíka langt að vatnsbóli staðarins og frá gamla Vallanesbænum og fjósi staðarins, en þó líklega heldur styttra. Í hárri brekku, utan við hólinn og austan við áðurnefnt fjárhús, „Pálshúsið", voru gömul veggjabrot, er umluktu svæði í brekkunni, sem virðist hafa verið stór kálgarður […] Allt bendir þetta til þess, að þarna á hólnum hafi fyrir löngu verið reistur lítill bær og að sá, sem það gerði og þar bjó hafi einnig byggt fjárhúsið utan við hólinn og gert kálgarðinn í fjárhúsbrekkunni" (Páll Magnússon, Forvitnileg örnefni, handrit). Á grundvelli örnefna leiðir hann líkur að því að bær þessi hafi tilheyrt sr. Páli Guðmundssyni sem var prestur í Vallanesi á fyrri hluta 18. aldar.

### Minjar 2015

Í Vallanesi var gróður svo mikill að erfitt var um vik við vettvangsskráningu. Stærstur hluti Pálshúshóls og ætlaðar bæjarleifar eru nú komnar í unninn akur. Fyrir utan túngarð og matjurtagarðinn sem skráð voru eru aðrar tóftir, nú í landi Jaðars, nýbýlis frá Vallanesi frá

1918 (SJM II, bls. 183). Lítil ummerki var lengur að finna um gamla Vallanesbæinn sem stóð norðvestan við Vallaneskirkju en aurmál kirkjunnar sem var á undan núverandi kirkju sést sem upphækkun í sléttuðum kirkjugarðinum.



*Mynd 52. Hluti túngarðs umhverfis tún í Vallanesi. Sá hluti garðs sem myndin sýnir, liggur um 20m sunnan matjurtagarðs [1791-136]. Garðurinn er að mestu horfinn í skóg.*

**Vallanes – 1791-132**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Mikil hætta vegna gróðurs.** Garðurinn er að mestu horfinn í skóg.
**Staðhættir**
Um 200m norðan gamla bæjarstæðisins, nyrst á Pálshúshóli, og niður frá honum til vesturs og austurs liggur hluti nokkuð stæðilegs túngarðs sem nú er að mestu vaxinn skógi.
**Lýsing**
Garðurinn var mældur upp á um 90 löngum kafla í boga fyrir nyrsta hluta gamla heimatúnsins. Hann liggur frá vestri til austurs, grjóthlaðinn, um 1m á breidd og allt upp í 2 metra á hæð þar sem hann er hæstur.

**Vallanes -1791-133**
**Sérheiti:** Pálshús?
**Hlutverk:** Óþekkt, fjárhús?
**Tegund:** Hleðsla, tóft
**Hættumat: Mikil hætta vegna trjáræktar.** Garðurinn er að mestu horfinn í skóg.
**Staðhættir**
Efst á svokölluðum Pálshúshóli, 10m utan (norðan) við túngarðinn [1791-132], var mæld upp tvískipt tóft. Samkvæmt örnefnaskýringu Páls Guðmundssonar eru þetta leifar fjárhúss sem kallaðist Pálshús.
**Lýsing**
Tvískipt aflöng tóft sem liggur norður-suður. Nyrðri tóftarhlutinn er um 7m langur og 2m breiður en sá syðri 5m langur og 3m breiður. Hæð veggja er um 40sm, breidd óviss.
**Aðrar upplýsingar**
Í ítarlegri örnefnaskýringu Páls Magnússonar frá Vallanesi segir: "[…] Í hárri brekku, utan við hólinn og austan við áðurnefnt fjárhús, „Pálshúsið" […] (Páll Guðmundsson, Forvitnileg örnefni).
Mikill gróður var á hólnum og erfitt að greina veggi.

**Vallanes -1791-134**
**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskýringu Páls Magnússonar frá Vallanesi segir: „Utarlega á Pálshúshólnum voru 3 skemmtilegar grasigrónar lautir, hver hjá annarri, sýnilega fornar húsatættur“ (Páll Guðmundsson, Forvitnileg örnefni).

**Lýsing**

Tóftirnar fundust ekki við skráningu.

**Aðrar upplýsingar**

Páll Guðmundsson taldi að þarna væri um að ræða bæjartóftir frá fyrri hluta 18. aldar (Páll Guðmundsson, Forvitnileg örnefni). Tóftirnar kunna að vera horfnar vegna jarðræktar.



*Mynd 53. Pálshúshóll/Pálshúshryggur í landi Vallaness og Jaðars. Matjurtagarður [1791-136] er vinstra megin á mynd uppi við trjágróðurinn, en leifar Pálshúsa er að finna á há hólnum fyrir miðri mynd. Girðingin sem liggur þvert yfir hólinn er á merkjum milli Vallaness og Jaðars.*

**Vallanes – 1791-135**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Hætta vegna trjáræktar.**

**Staðhættir**

Norðan Pálshúshóls er klettarani, svokallaður Pálshúshryggur. Austan undir hryggnum 12m norðan túngarðs [1791-132] og 13m austan við Pálshús [1791-133] eru leifar matjurtagarðs.



*Figure 54. Yfirlitsteikning sem sýnir afstöðu minja á og við Pálshúshól.*

**Lýsing**
Matjurtagarðurinn liggur í brekku austan í hryggnum og hallar mót austri. Hann er 18x14m að stærð, að hluta niðurgrafinn í brekkuna en óverulegur garður um 30-70sm hár umlykur hann á tvo vegu.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskýringu sinni frá 1975 dregur Páll Magnússon þá ályktun að garðurinn hafi tilheyrt bæ sem staðið hafi á hólnum (Páll Guðmundsson, Forvitnileg örnefni). Matjurtagarðurinn er í landi Vallaness en ekkert verður ráðið um aldur hans frekar.

**Vallanes – 1791-136**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Hætta vegna trjáræktar.**
**Staðhættir og lýsing**
Veggbrot liggur í brekku um 6m vestur af matjurtagarðinum [1791-135] og um 6m austur af meintum Pálshúsum [1791-133].

**Lýsing**
Grjóthlaðinn veggur liggur frá vestri til austurs og síðan suðurs, um 5m á lengd. Hann er um 50sm hár og 70sm breiður.
**Aðrar upplýsingar**
Hleðslan var illgreinanleg vegna gróðurs en gæti verið hluti tóftar.

**Vallanes – 1791-137**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Nyrst á svokölluðum Pálshúshrygg um 70m norðan Pálshúsa [1791-133] eru leifar matjurtagarðs.
**Lýsing**
Garðurinn liggur mót norðri um 6x6m að stærð. Hann er að hluta grafinn inn í brekku en afmarkaður af 20sm háum vegg.
**Aðrar upplýsingar**
Er í landi Jaðars og óvíst hvort að garðurinn hafi verið frá Vallanesi eða Jaðri.

**Vallanes – 1791-138**
**Hlutverk:** Óþekkt, heytóft?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðan við Pálshúshrygg eru tvær tóftir. Syðri tóftin er niðurgrafin.
**Lýsing**
Niðurgrafin tóft um 4x3m að innanmáli og um 1,5m á dýpt. Veggir um metri á þykkt. Engar dyr voru á tóftinni.
**Aðrar upplýsingar**
Mögulega er um hlöðu eða heytóft að ræða. Er í túni í Jaðri og óvíst hvort hefur tilheyrt Vallanesbænum eða Jaðri.


*Mynd 55. Horft til norðurs yfir tvær smátóftir [1791-137 og 138] norðan við Pálshúshrygg.*

**Vallanes – 1791-139**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
Um 35m norðan við norðurenda Pálshúshryggjar eru tvær tóftir. Nyrðri tóftin er niðurgrafin.
**Lýsing**
Niðurgrafin tóft um 4x4m að utanmáli, veggir 1m að breidd og 20-50sm háir. Engar dyr voru á tóftinni.

**Aðrar upplýsingar**
Er í túni á Jaðri og óvíst hvort tóftin hefur tilheyrt Vallanesbænum eða Jaðri

## Samantekt

Við fornleifaskráningu 2015 voru skráðar 140 minjar á 12 jörðum. Um fjölbreyttar minjar var að ræða allt frá þingminjum og skálatóftum frá landnámsöld, til beitarhúsa sem enn voru í notkun á 20. öld. Á nokkrum stöðum voru fornbýli, eða meint fornbýli, skráð í heild sinni. Á öðrum stöðum voru einungis skráðar valdar minjar. Minjarnar sem valdar voru eru til umfjöllunar í væntanlegri Árbók Ferðafélags Íslands 2018. Á þremur staðanna var um að ræða friðlýstar minjar, þ.e. minjar sem hafa verið friðlýstar með þinglýsingu. Voru það ætlaðar þingbúðaleifar á Þingmúla í Skriðdal, meint blóthús Spak-Bersa í landi Bessastaða í Fljótsdal og tóftir í Goðanesi í landi Hofteigs á Jökuldal. Þessir staðir voru friðlýstir 1930-31.

*Tafla 1. Taflan sýnir fjölda minja sem skráðar voru á hverri jörð.*

| Jörð | Sérheiti | Fjöldi minja |
|---|---|---|
| Kollsstaðir | Þórsnes | 8 |
| Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | 14 |
| Tunghagi | Hátún | 26 |
| Múlastekkur | Hraungerði | 6 |
| Þingmúli | Múlaþing* | 19 |
| Haugar | | 2 |
| Bessastaðir | Stekkur, Goðaborg* | 6 |
| Brattagerði | Brattagerði | 17 |
| Þorgerðarstaðir | Dalshús, Sveinssel, Randalínusel, Stöppusel | 14 |
| Sturluflöt | Fellshús, Fell | 3 |
| Hofteigur | Goðanes* | 12 |
| Freyshólar | Kiðutættur | 5 |
| Vallanes | Tóftir og garðlög við Pálshúshól/Pálshúshrygg | 8 |
| | ***Heildarfjöldi*** | ***140*** |

**Friðlýstar minjar*

## Fornbýli

Fornbýlin Einarsstaðir, Hátún, Brattagerði og Fell eru þekkt úr heimildum, þó svo að nákvæm lega Fells á reiki. Sögusagnir um byggð tengjast einnig bæjartóftinni í Haugahólum þó svo að engar ritheimildir finnist um byggð þar. Engar heimildir eru til um býli í Þórsnesi, Dalshúsum, Goðanesi og Hraungerði, en minjarnar sem þar er að finna, benda til að þar hafi verið búið a.m.k. tímabundið. Minjum í Þórsnesi og í Goðanesi tengjast sögusagnir um hof en tengsl minja við slíkar sögusagnir er erfitt meta nema með frekari rannsóknum.

### Einarsstaðir

Tóftir og túngarðar á býlinu Einarsstöðum í landi Eyjólfsstaða á Völlum eru enn mjög heillegar en nokkuð að hverfa í gróður. Vitað er að jörðin var komin í eyði um miðja 18. öld en ekkert er vitað um upphaf byggðar þar. Túngarðurinn er enn nokkuð stæðilegur en húsaskipan á bæjarstæðinu sjálfu er óljós þar sem að tóftir stórra beitarhúsa frá Eyjólfsstöðum liggja ofan á þeim. Nokkrar gamallegar útihúsatóftir er að finna í túninu auk tófta frá beitarhúsatímanum.

**Hátún**

Hátún liggur að hluta í landi Tunghaga og að hluta í sameiginlegu landi Tunghaga, Grófargerðis og Arnkelsgerðis. Sé tekið mið af heildarstærð túns, um 4ha, er augljóst að ekki hefur verið um neitt smábýli að ræða. Bærinn hefur staðið sunnan bæjarlækjar, nyrst í túni. Tvær yngri beitarhúsatóftir og yngri bæjartóft liggja ofan á leifum elsta bæjarins þannig að húsaskipan og stærð hans varð ekki greind. Nokkrar fornlegar útihúsatóftir voru skráðar í suðurhluta túns og hafa þær líklega tilheyrt elsta bænum. Hinsvegar virðist ljóst að túnið hefur einhvern tíma verið minnkað töluvert. Engir voru skráðir til heimilis í Hátúnum við manntal 1703 og vera kann að býlið hafi verið komið í eyði þá. Það er talið til eyðibýla 1776 en þá sagt með selstöðu.

**Brattagerði**

Töluverðar minjar eru á svokölluðu Brattagerði á suðurbakka Jöklu innan Eyvindarár á Jökuldal. Þar er um að ræða vel varðveitta minjaheild, leifar 18.-19. aldar bæjar, tóftir bæjar og annarra útihúsa. Þar er einnig að finna túngarðsleifar og tóft frá eldra byggingarskeiði sem benda til að þar hafi verið byggt á leifum eldra býlis. Annars er fátt sem minnir þar á forna byggð og lítið verður fullyrt um aldur og upphaf byggðar. Ljóst er að ekki er um að ræða Brattagerði það sem er á friðlýsingarskrá.

**Þórsnes**

Leifar fornbýlis er að finna við Þórsnes í landi Kollsstaða innan Egilsstaða. Nokkuð vegleg bæjartóft er innan túngarðs og virðist hún í einhvern tíma hafa verið endurbyggð. Fleiri óglöggar tóftir er að finna innan garðs en stórþýfi og lynggróður kunna að hylja þar fleiri minjar. Forn garður virðist afmarka enn stærra svæði umhverfis en óvíst er hvort hann hefur afmarkað túnstæði eða haft einhvern annan tilgang.

**Goðanes**

Í Goðanesi í landi Hofteigs á Jökuldal eru æði áhugaverðar minjar. Auk skálans, eða „hoftóftarinnar“, eru tvær stórar tóftir sem kunna að vera tóftir gripahúss og réttar, en þó er ekki loku fyrir það skotið að a.m.k. önnur tóftin gæti verið af skála. Erfitt er að segja hvaða tilgangi garðlögin hafa þjónað, en ekki var hægt að sjá að þau afmörkuðu tún. Hinsvegar er land þarna mjög illa farið sökum uppblásturs og erfitt að greina hvort túnstæði hefur verið afmarkað umhverfis tóftirnar. Uppblástur veldur því einnig að ekki er hægt að fullyrða um tilvist mögulegra búðatófta sem getið er í Safni til sögu Íslands 1886. Slíkar tóftir gætu hafa bent til einhverskonar almenningsnotkunar á svæðinu.

**Fell í landi Sturluflatar**

Fellshús voru beitarhús frá Sturluflöt á móts við bæinn sunnan Fellsár. Sögusagnir eru um að þarna kunni bærinn Fell að hafa verið til forna. Beitarhúsin hafa staðið á grösugri harðvellisflöt en þeim hefur nýlega verið rutt um og í stóran haug. Í uppmokstrinum voru mannvistarleifar, kol og aska, sem benda til að þarna hafi verið mannabústaður og gæti það stutt söguna um Fell. Hinsvegar fundust lítil ummerki um túngarð, útihúsatóftir eða annað sem stutt gæti þessa túlkun frekar. Engar minjar fundust þar sem bent gætu til þinghalds forðum tíð.

**Hraungerði**
Í landi Múlastekks í Skriðdal voru skoðaðar stæðilegar bæjartóftir við svokallað Hraungerði. Óvíst er hvort þetta hefur verið nafnið á býlinu sem engar aðrar heimildir eru til um. Þarna eru leifar skála, réttar og gripahúss, allt mjög fornlegar tóftir. Engin garðlög var þar að sjá eða afmörkun túns. Þarna er þó óhætt að fullyrða að séu leifar fornbýlis.

**Haugar í Skriðdal**
Skoðuð var bæjartóft í svokölluðum Haugahólum í Skriðdal. Sagnir eru um að þar hafi bærinn upphaflega verið. Ekki fannst túngarður eða aðrar tóftir sem gætu staðfest að það hafi verið býli, enda hefur umhverfi tóftanna verið sléttað í tún. Hinsvegar er nokkuð óyggjandi að þetta er bæjartóft þó svo að ekki beri hún merki þess að vera frá elstu tíð.

**Dalshús**
Beitarhús voru á svokölluðum Dalshúsum innan Þorgerðarstaða í Fljótsdal og voru þar skráðar tvær 20. aldar beitarhúsatóftir. Þar var einnig að finna fornan túngarð, útihúsatóft og leifar bæjarstæðis sem þó var nokkuð umbylt. Minjarnar benda til fornbýlis sem engar aðrar heimildir eru til um. Ekki er vitað hvort býlið hefur borið nafnið Dalshús áður en beitarhúsin voru reist þar.

## Mögulegir þingstaðir
Í Árbók 2018 verður fjallað um hina fornu vorþingsstaði sem sagnir eru um á Héraði. Skoðaðir voru þrír staðir, Þingmúli í Skriðdal, meint staðsetning Kiðjafellsþings í Suðurdal Fljótsdals og svo Kiðutættur í landi Freyshóla í Skógum. Á síðastnefnda staðnum eru engar heimildir um þinghald en staðurinn var skoðaður með tilliti þess möguleika að þingstaður sá sem talað er um í Fljótsdælasögu „á hálsinum milli Skriðudals ok Fljótsdals“ kunni að hafa legið í grennd Freyshóla og nafnið Kiðjafell vísi til Freyshólafells.

**Múlaþing**
Í Þingmúla í Skriðdal eru friðlýstar „Fornar þingbúðatóftir víða um túnið“. Við skráningu 2015 var nýbúið að slá tún og því voru ýmsar mishæðir í túni greinanlegar og hægt um vik að mæla þær upp. Tóftirnar eru mjög áþekkar búðatóftum á öðrum þekktum þingstöðum en þó verður ekkert fullyrt um notkun þeirra nema með frekari fornleifarannsókn. Minjarnar sem skráðar voru eru nokkuð áþekkar þeim sem finna má í lýsingu Sigurðar Vigfússonar frá 1890. Hinsvegar er ljóst að einhverjar minjar sem hann telur upp eru nú horfnar í Múlaá.

**Kiðjafellsþing**
Kiðjafellsþing það sem getið er í fornsögum á að hafa verið haldið í hlíðum Suðurfells (Kiðjafells) inn af Sturluflöt í Suðurdal Fljótsdals. Einnig eru heimildir um tóftir sem taldar voru tilheyra þinginu. Engin ummerki um þinghald fundust, hvorki inn með Suðurfelli eða á flötinni þar sem beitarhúsin stóðu.

**Kiðutættur**

Í uppblásnum móa í landi Freyshóla í Skógum voru skoðaðar svokallaðar Kiðutættur, fornar tóftir sem engar frekari heimildir eru til um. Örnefnið gæti, líkt og Kiðjafell, bent til hins forna Kiðjafellsþings. Minjarnar sem skráðar voru eru mjög óglöggar og veggir óverulegir. Útlit tóftanna minntu einna helst á tóftir tengdar seljabúskap þó svo að nú sé ekkert rennandi vatn í nágrenni þeirra. Engin ummerki fundust sem bent gætu til þinghalds.

## Aðrar minjar

**Bessastaðir**

Á Bessastöðum var skoðuð meint hoftóft Spak-Bersa. Tóftin liggur í hvammi innan við Bessastaðaá og er mjög jarðsokkin og fornleg. Í raun er fátt um hana að segja þar sem ekkert gerir hana sérstaka nema sögusagnirnar sem henni tengjast. Stekkjar- og réttartóftir voru svo skoðaðar ofar í utanverðu Bessastaðaárgili. Einnig var mældur upp Bersahaugur sem liggur í túni neðan við bæinn.

**Þorgerðarstaðadalur**

Í Þorgerðarstaðadal voru skoðaðar leifar beitarhúsa og selja innan við Þorgerðarstaði. Innan við Dalshús er kallað Hringsel en þar fundust engar tóftir. Hafi einhvern tíma verið sel þar hefur það að líkindum horfið undir skriðu. Þar innar eru beitarhúsatóftir á Sveinsseli og er akfær slóði þangað. Engar minjar fundust um selið en lítil tóft hjá beitarhúsatóftunum er nefnd Mjólkurhús; hún virtist þó ekki eldri en beitarhúsatóftirnar. Frá Sveinsseli taka við selgöturnar inneftir brattri fjallshlíð sem er torfær á köflum þar sem gatan liggur í gegnum þéttan kjarrskóg. Á skóglausum en grasi grónum stalli í fjallshlíðinni heitir Stöppusel. Þar fundust engar seltóftir við skráningu og fátt sem bendir til þess að þar hafi verið sel annað en nafngiftin. Einu mögulegu byggingaleifarnar voru kantar og smá dældir ofarlega á stallinum undir fjallsbrekkunni. Á þeim var þó ekki neitt húsalag og allt mjög ógreinilegt. Innst á dalnum þar sem skóginn þrýtur eru fornlegar tóftir Randalínusels sitthvoru megin Randalínulækjar.

**Þingmúli - beitarhús**

Á Norðurdal voru skoðaðar og mældar upp leifar tveggja beitarhúsa frá Þingmúla og við þær illgreinanleg kofatóft og heystæði. Innri fjárhúsin eru töluvert eldri að sjá en yngri húsin sem reyndust stæðilegri og með steyptu fjárbaði.

**Vallanes**

Skoðaðar voru minjar á og við svokallaðan Pálshúshól og Pálshúshrygg nyrst í gamla Vallanestúninu. Skráðir voru tveir matjurtagarðar, tóftir og túngarður. Engin óyggjandi ummerki fundust hinsvegar sem bent gætu til bæjar í eða við hólinn.

## Minjar sem henta til kynningar og rannsókna

Misjafnt er hversu vel minjarnar henta til frekari kynningar en víða væri forvitnilegt að gera frekari rannsóknir til að kanna aldur og eðli minjanna. Slíkt mætti gera með minniháttar rannsókn í formi könnunarskurða og/eða borkjarnatöku.

- Í **Goðanesi** eru friðlýstar fornleifar skammt frá þjóðvegi sem auðvelt væri að merkja og kynna. Vegslóði hefur verið ruddur í gegnum minjasvæðið auk þess sem bílslóði liggur að hluta yfir minjarnar. Þarna eru tóftir vel sýnilegar vegna þess hve takmarkaður gróður er á svæðinu en nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að ekið verið frekar yfir minjarnar. Mjög forvitnilegt væri að kanna frekar aldur og gerð þessara minja.

- Á **Einarsstöðum** er skemmtileg minjaheild sem er að hverfa í gróður, bæði sinu og að hluta til skóg. Staðsetning minjanna við orlofssvæðið í Eyjólfsstaðaskógi gerir þær einstaklega hentugar til kynningar, en nauðsynlegt væri að takmarka þar gróður, t.d. með því að beita þar hrossum.

- Friðlýstu fornleifarnar í **Þingmúla** eru í túni og því í nokkurri hættu eins og jafnan er með minjar í túnum. Núverandi ábúendur eru þó meðvitaðir um tilvist þeirra og þær kvaðir sem friðlýsingu fylgja. Mjög áhugavert væri að fá frekari aldur á þessum minjum og vel til fallið að gera þeim skil á kynningarskilti.

- Forvitnilegt væri að gera frekari aldursgreiningu á fornbýlinu í **Þórsnesi**, en nokkuð örðug aðkoma er að staðnum og því ekki hlaupið að því að kynna hann sérstaklega.

- Aldursgreining elstu byggðar í **Hátúnum** gæti skorið úr um hvort þar er um að ræða minjar frá elstu byggð á Austurvöllum og upplagt að merkja og gera upplýsingar um minjarnar aðgengilegar þar sem þær eru við gönguleiðina upp í Hjálpleysudal.

- Einnig væri áhugavert að fá frekari aldursgreiningu á eldri minjunum í **Brattagerði** á Jökuldal til að kanna hvenær byggð hófst þar og hvort hún hefur verið samfelld. Einnig væri áhugavert að aldursgreina fornbýlið við Hraungerði austan undir Þingmúla sem væri prýðilega fallið til frekari kynningar þar sem það er skammt frá vegi.

## Niðurlag

Enn er eftir mikið starf við að skrá fornleifar á Fljótsdalshéraði. Segja má að það sé kapphlaup við tímann þar sem víðtæk skógrækt setur mark sitt á héraðið auk þess sem sjálfsprottinn skógur fer líka óðum vaxandi. Víða eru stakar minjar og jafnvel heil minjasvæði að hverfa í gróður, jafnvel þar sem sérstaklega átti að gæta að þekktum minjum við plöntun. Fornleifaskráningin sem hér fór fram er takmörkuð að umfangi en vonandi hefur tekist að safna upplýsingum sem gagnast við frekari fornleifaskráningar og skipulagsgerð.

Eigi að kynna eða nýta fornleifar með einhverjum hætti eða sé sýnt að þær kunni að verða fyrir skemmdum eða breytingum vegna einhverskonar framkvæmda, ber að hafa samband við Minjastofnun Íslands sem fer með stjórnsýslu minjaverndar í landinu.

## Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. 1993. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Daniel Bruun. 1987. *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár I*, Reykjavík.

Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970*, bls. 172-187.

Helgi Hallgrímsson. 2013: *Mannvistarminjar í Fljótsdal.*

*Íslensk Fornrit XI. Austfirðingasögur.* Ritstjóri Jón Jóhannesson. Reykjavík 1950.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Kålund,, P.E. Kristian: *Íslenzkir sögustaðir* IV. Austfirðingafjórðungur. Reykjavík 1986.

Sigurður Gunnarsson. 1886. Örnefni frá Jökulsá í Axarfirði austan að Skeiðará. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju II.* Kaupmannahöfn. 429-497.

Sigurður Vigfússon. Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890. *Árbók hinz íslenska fornleifafélags.* 1893: 28-60.

(SJM) *Sveitir og jarðir í Múlaþingi I. bindi.* Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands 1974.

(SJM) *Sveitir og jarðir í Múlaþingi II. bindi,* Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands 1975.

*Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Múlasýslur.* Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.

**Örnefnaskrár/örnefnakort**

Örnefnakort Helga Hallgrímssonar.
Örnefnaskrá Arnkelsgerðis, Tunghaga og Ásgarður. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá Eyjólfsstaða. Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá Freyshóla. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá Hofteigs. Karl Gunnarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá Hofteigs. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá Múlastekks. Stefán Einarsson skráði. Athugasemdir eftir Eirík Eiríksson.
Örnefnaskrá Vallaness. Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá Þingmúla. Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Þingmúla. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá Þingmúla. Svör skráð af Sigurði Kristinssyni Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá Þorgerðarstaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Óútgefið**

Hjörleifur Guttormsson (í vinnslu). Drög að Árbók Ferðafélags Íslands 2018.
Páll Magnússon. 1975. *Forvitnileg örnefni.* Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

| Númer | Jörð | Sérheiti | Tegund | Annað | Hlutverk | Annað | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Orsök | Hættumat | Orsök | Veggh. frá | Veggh. til | Breidd | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1791-1 | Kollsstaðir | | garðlag | | túngarður | | 800 | 1500 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.0 | 0.0 | 712380 | 535498 |
| 1791-2 | Kollsstaðir | | tóft | | híbýli | | 800 | 1600 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.7 | 2.0 | 712424 | 535458 |
| 1791-3 | Kollsstaðir | | tóft | náttúrulegt | óþekkt | rétt | 800 | 1700 | greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.4 | 1.5 | 712398 | 535538 |
| 1791-4 | Kollsstaðir | | garðlag | | túngarður | | 800 | 1300 | greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.5 | 2.0 | 712349 | 535399 |
| 1791-5 | Kollsstaðir | | garðlag | | óþekkt | | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 1.0 | 712489 | 535366 |
| 1791-6 | Kollsstaðir | | garðlag | | rétt | | 800 | 1300 | greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 1.0 | 712378 | 535463 |
| 1791-7 | Kollsstaðir | | niðurgröftur | | óþekkt | kolagröf | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 1.0 | 712489 | 535374 |
| 1791-8 | Kollsstaðir | | tóft | náttúrulegt | óþekkt | heytóft | 1500 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.4 | 1.0 | 712514 | 535301 |
| 1791-9 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | þúst | | híbýli | | 800 | 1700 | illgreinanleg | | hætta | gróður | 0.0 | 0.4 | 0.5 | 711303 | 527481 |
| 1791-10 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | tóft | | beitarhús | | 1800 | 1900 | vel greinanleg | | hætta | gróður | 0.0 | 1.0 | 1.0 | 711319 | 527485 |
| 1791-11 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | garðlag | | túngarður | | 800 | 1700 | vel greinanleg | | mikil hætta | gróður | 0.0 | 1.2 | 2.0 | 711240 | 527555 |
| 1791-12 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | garðlag | | túngarður | | 800 | 1700 | vel greinanleg | | mikil hætta | gróður | 0.0 | 1.2 | 2.0 | 711229 | 527466 |
| 1791-13 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | tóft | | óþekkt | rétt, stekkur? | 800 | 1700 | vel greinanleg | | hætta | gróður | 0.3 | 0.5 | 1.5 | 711282 | 527564 |
| 1791-14 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | tóft | | óþekkt | kvíar? | 800 | 1700 | vel greinanleg | | hætta | gróður | 0.5 | 0.8 | 1.5 | 711341 | 527474 |
| 1791-15 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | tóft | þúst | óþekkt | | 800 | 1800 | greinanleg | | hætta | gróður | 0.5 | 0.5 | 0.7 | 711261 | 527522 |
| 1791-16 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | tóft | | óþekkt | | 1800 | 1900 | vel greinanleg | | hætta | gróður | 0.5 | 0.5 | 0.4 | 711269 | 527521 |
| 1791-17 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | hleðsla | | garðlag | | 800 | 1700 | illgreinanleg | | hætta | gróður | 0.4 | 0.4 | 0.0 | 711303 | 527551 |
| 1791-18 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | tóft | | óþekkt | | 1800 | 1900 | vel greinanleg | | hætta | gróður | 0.3 | 0.3 | 0.3 | 711310 | 527534 |
| 1791-19 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | tóft | | óþekkt | | 1800 | 1900 | vel greinanleg | | hætta | gróður | 0.7 | 0.7 | 0.6 | 711286 | 527484 |
| 1791-20 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | tóft | | óþekkt | | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | hætta | gróður | 0.6 | 0.6 | 0.7 | 711260 | 527492 |
| 1791-21 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | tóft | | óþekkt | | 800 | 1700 | greinanleg | | hætta | gróður | 0.4 | 0.4 | 0.5 | 711252 | 527490 |
| 1791-22 | Eyjólfsstaðir | Einarsstaðir | tóft | | óþekkt | | 800 | 1800 | vel greinanleg | | hætta | gróður | 0.5 | 0.5 | 0.8 | 711301 | 527422 |
| 1791-23 | Tunghagi | Hátún | garðlag | | vörslugarður | | 800 | 1850 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 1.0 | 2.0 | 710507 | 522300 |
| 1791-24 | Tunghagi | Hátún | garðlag | | rétt | | 1500 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.5 | 1.0 | 1.5 | 710440 | 522100 |
| 1791-25 | Tunghagi | Hátún | bæjarstæði | | híbýli | | 800 | 1700 | greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 710517 | 522165 |
| 1791-26 | Tunghagi | Hátún | tóft | | beitarhús | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 710516 | 522146 |
| 1791-27 | Tunghagi | Hátún | tóft | | óþekkt | híbýli | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 710524 | 522134 |
| 1791-28 | Tunghagi | Hátún | tóft | | beitarhús | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 710524 | 522118 |
| 1791-29 | Tunghagi | Hátún | garðlag | | túngarður | | 1500 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.8 | 1.5 | 710508 | 522079 |
| 1791-30 | Tunghagi | Hátún | tóft | | óþekkt | | 800 | 1900 | greinanleg | | hætta | landbrot | 0.0 | 0.4 | 0.5 | 710542 | 522150 |
| 1791-31 | Tunghagi | Hátún | tóft | | rétt | | 1500 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.6 | 0.6 | 0.6 | 710565 | 522116 |
| 1791-32 | Tunghagi | Hátún | tóft | | rétt? | | 1500 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 710569 | 522096 |
| 1791-33 | Tunghagi | Hátún | tóft | | fjárhús | rétt? | 1500 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 710543 | 522070 |
| 1791-34 | Tunghagi | Hátún | tóft | | óþekkt | | 1500 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.5 | 0.5 | 0.4 | 710489 | 522105 |
| 1791-35 | Tunghagi | Hátún | garðlag | | túngarður | | 800 | 1700 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 710507 | 521900 |
| 1791-36 | Tunghagi | Hátún | tóft | | óþekkt | | 800 | 1500 | greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.4 | 2.0 | 710497 | 521921 |
| 1791-37 | Tunghagi | Hátún | tóft | náttúrulegt | óþekkt | | 800 | 1700 | greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.5 | 1.5 | 710535 | 521923 |
| 1791-38 | Tunghagi | Hátún | tóft | | óþekkt | | 800 | 1700 | greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.3 | 1.5 | 710515 | 521993 |
| 1791-39 | Tunghagi | Hátún | tóft | | óþekkt | kofi | 800 | 1700 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.6 | 1.5 | 710537 | 521991 |
| 1791-40 | Tunghagi | Hátún | tóft | | óþekkt | kofi | 800 | 1700 | greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.5 | 1.0 | 710543 | 521997 |
| 1791-41 | Tunghagi | Hátún | tóft | | stekkur | rétt | 800 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.4 | 1.0 | 710484 | 522305 |
| 1791-42 | Tunghagi | | tóft | | fjárhús | | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.4 | 1.0 | 1.0 | 710435 | 522241 |

| Númer | Jörð | Sérheiti | Tegund | Annað | Hlutverk | Annað | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Orsök | Hættumat | Orsök | Veggh. frá | Veggh. til | Breidd | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1791-43 | Tunghagi | | tóft | | fjárhús | | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.7 | 1.0 | 710401 | 522241 |
| 1791-44 | Tunghagi | | tóft | | óþekkt | | 1500 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.5 | 0.5 | 0.5 | 710400 | 522272 |
| 1791-45 | Tunghagi | | tóft | | óþekkt | kofi | 1500 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.4 | 0.4 | 0.5 | 710417 | 522260 |
| 1791-46 | Tunghagi | | tóft | | stekkur | | 800 | 1700 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.6 | 1.5 | 710699 | 521651 |
| 1791-47 | Tunghagi | | tóft | | stekkur | | 800 | 1700 | greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.3 | 1.0 | 710680 | 521650 |
| 1791-48 | Múlastekkur | Hraungerði | tóft | | híbýli | | 800 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.6 | 2.0 | 706655 | 508880 |
| 1791-49 | Múlastekkur | Hraungerði | tóft | | óþekkt | | 800 | 1600 | greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.3 | 1.0 | 706661 | 508858 |
| 1791-50 | Múlastekkur | Hraungerði | tóft | | óþekkt | útihús | 800 | 1700 | greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.4 | 2.0 | 706667 | 508839 |
| 1791-51 | Múlastekkur | Hraungerði | tóft | | óþekkt | rétt, kvíar | 800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.3 | 0.7 | 706649 | 508850 |
| 1791-52 | Múlastekkur | Hraungerði | þúst | náttúrulegt | óþekkt | | 800 | 1500 | greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.3 | 0.0 | 706685 | 508833 |
| 1791-53 | Múlastekkur | | tóft | | stekkur | | 1000 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0.5 | 0.6 | 1.0 | 706580 | 508842 |
| 1791-54 | Þingmúli | | tóft | | óþekkt | búð? | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.5 | 1.5 | 706251 | 511272 |
| 1791-55 | Þingmúli | | tóft | | óþekkt | búð? | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.4 | 2.0 | 706240 | 511261 |
| 1791-56 | Þingmúli | | tóft | | óþekkt | búð? | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.3 | 1.5 | 706256 | 511245 |
| 1791-57 | Þingmúli | | tóft | | útihús | | 800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 706269 | 511240 |
| 1791-58 | Þingmúli | | dæld | | óþekkt | | 800 | 1900 | illgreinanleg | sléttunar | | | 0.0 | 0.1 | 0.0 | 706283 | 511210 |
| 1791-59 | Þingmúli | | þúst | tóft | óþekkt | | 800 | 1900 | illgreinanleg | sléttun | | | 0.0 | 0.1 | 0.0 | 706297 | 511199 |
| 1791-60 | Þingmúli | | dæld | | óþekkt | | 800 | 1900 | illgreinanleg | sléttunar | | | 0.0 | 0.1 | 0.0 | 706305 | 511181 |
| 1791-61 | Þingmúli | | dæld | | óþekkt | | 800 | 1900 | illgreinanleg | sléttunar | | | 0.0 | 0.1 | 0.0 | 706316 | 511133 |
| 1791-62 | Þingmúli | Goðatættur, Goðatóftir | tóft | | rétt | | 800 | 1300 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.6 | 1.0 | 706193 | 511247 |
| 1791-63 | Þingmúli | Beljandahús | tóft | | fjárhús | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.5 | 1.8 | 1.5 | 706209 | 511334 |
| 1791-64 | Þingmúli | | tóft | | óþekkt | | 800 | 1800 | greinanleg | | hætta | annað | 0.2 | 0.2 | 1.0 | 706238 | 511333 |
| 1791-65 | Þingmúli | | garðlag | hleðsla | óþekkt | | 800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.4 | 1.0 | 706220 | 511292 |
| 1791-66 | Þingmúli | | tóft | | beitarhús | | 1850 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.5 | 1.5 | 2.0 | 704562 | 509692 |
| 1791-67 | Þingmúli | | tóft | náttúrulegt | óþekkt | | 1000 | 1950 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.3 | 0.0 | 704551 | 509668 |
| 1791-68 | Þingmúli | | tóft | | beitarhús | | 1800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.4 | 0.6 | 1.5 | 704584 | 509547 |
| 1791-69 | Þingmúli | | tóft | | heytóft | | 1500 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.4 | 1.0 | 704558 | 509545 |
| 1791-70 | Haugar | | tóft | | híbýli | | 800 | 1700 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.7 | 1.0 | 705837 | 503846 |
| 1791-71 | Haugar | | tóft | | óþekkt | kofi | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.3 | 0.5 | 705925 | 503830 |
| 1791-72 | Bessastaðir | Bessahaugur | hóll | | haugur | heimild | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.7 | 0.0 | 691799 | 512114 |
| 1791-73 | Bessastaðir | Stekkur | garðlag | | vörslugarður | nátthagi | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.5 | 3.0 | 691147 | 511852 |
| 1791-74 | Bessastaðir | Stekkur | garðlag | | rétt | nátthagi | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.7 | 0.0 | 691097 | 511902 |
| 1791-75 | Bessastaðir | Stekkur | tóft | | stekkur | | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.4 | 1.0 | 691135 | 511876 |
| 1791-76 | Bessastaðir | Stekkur | tóft | | óþekkt | | 1000 | 1800 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.3 | 1.0 | 691118 | 511875 |
| 1791-77 | Bessastaðir | Goðaborg | tóft | | óþekkt | | 800 | 1500 | greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.1 | 1.0 | 691217 | 511727 |
| 1791-78 | Brattagerði | | tóft | | híbýli | | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.4 | 1.6 | 1.5 | 671168 | 521171 |
| 1791-79 | Brattagerði | | tóft | | óþekkt | kofi | 800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.3 | 1.5 | 672763 | 522916 |
| 1791-80 | Brattagerði | | garðlag | | túngarður | | 800 | 1850 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.4 | 1.0 | 671153 | 521157 |
| 1791-81 | Brattagerði | | tóft | | óþekkt | | 1500 | 1850 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.6 | 2.0 | 671169 | 521146 |
| 1791-82 | Brattagerði | | tóft | | útihús | | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.3 | 1.0 | 671189 | 521187 |
| 1791-83 | Brattagerði | | gata | | heimreið | | 800 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.7 | 0.0 | 671187 | 521181 |
| 1791-84 | Brattagerði | | tóft | niðurgröftur | óþekkt | | 1500 | 1850 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.4 | 1.0 | 671184 | 521162 |

| Númer | Jörð | Sérheiti | Tegund | Annað | Hlutverk | Annað | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Orsök | Hættumat | Orsök | Veggh. frá | Veggh. til | Breidd | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1791-85 | Brattagerði | | tóft | | útihús | | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 1.2 | 1.0 | 671216 | 521197 |
| 1791-86 | Brattagerði | | tóft | | óþekkt | | 1850 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.4 | 1.0 | 1.0 | 671240 | 521187 |
| 1791-87 | Brattagerði | | tóft | | fjárhús | | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.8 | 1.0 | 671133 | 521242 |
| 1791-88 | Brattagerði | | tóft | | útihús | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | mikil hætta | landbrots | 0.6 | 1.0 | 1.0 | 671156 | 521256 |
| 1791-89 | Brattagerði | | tóft | | fjárhús | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.5 | 1.0 | 1.0 | 671185 | 521279 |
| 1791-90 | Brattagerði | | tóft | hús | fjárhús | | 1800 | 1950 | heillegar | | engin hætta | | 0.6 | 1.8 | 1.0 | 671218 | 521274 |
| 1791-91 | Brattagerði | | tóft | | fjárhús | | 1800 | 1950 | greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.2 | 0.0 | 671231 | 521246 |
| 1791-92 | Brattagerði | | tóft | | óþekkt | kofi | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.6 | 1.0 | 671217 | 521339 |
| 1791-93 | Brattagerði | | niðurgröftur | | torftaka | | 1850 | 1950 | greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 1.0 | 671164 | 521322 |
| 1791-94 | Brattagerði | | garðlag | | vörslugarður | túngarður? | 1700 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.5 | 1.0 | 671266 | 521489 |
| 1791-95 | Þorgerðarstaðir | Dalshús | tóft | | beitarhús | | 1850 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.7 | 1.8 | 1.0 | 685873 | 497387 |
| 1791-96 | Þorgerðarstaðir | Dalshús | tóft | | beitarhús | | 1850 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 1.5 | 3.0 | 1.0 | 685927 | 497366 |
| 1791-97 | Þorgerðarstaðir | Dalshús | bæjarhóll | | híbýli | | 1400 | 1800 | greinanleg | bygginga | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 1.0 | 685919 | 497374 |
| 1791-98 | Þorgerðarstaðir | Dalshús | garðlag | | túngarður | | 1500 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.0 | 1.0 | 685956 | 497426 |
| 1791-99 | Þorgerðarstaðir | Dalshús | tóft | | óþekkt | | 1400 | 1850 | greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.4 | 1.0 | 685881 | 497440 |
| 1791-100 | Þorgerðarstaðir | Dalshús | tóft | | óþekkt | | 1800 | 1950 | greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.4 | 1.0 | 685862 | 497347 |
| 1791-101 | Þorgerðarstaðir | Dalshús | tóft | | óþekkt | | 1800 | 1900 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.3 | 1.0 | 685853 | 497331 |
| 1791-103 | Þorgerðarstaðir | | garðlag | | óþekkt | vörslugarðu | 1500 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.3 | 0.0 | 684191 | 496069 |
| 1791-104 | Þorgerðarstaðir | Sveinssel | tóft | | beitarhús | | 1800 | 1950 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 1.6 | 1.5 | 684118 | 495891 |
| 1791-105 | Þorgerðarstaðir | Stöppusel | þúst | dæld | óþekkt | sel | 800 | 1800 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 682633 | 494260 |
| 1791-106 | Þorgerðarstaðir | Randalínusel | tóft | | sel | | 800 | 1700 | vel greinanleg | | mikil hætta | landbrots | 0.0 | 0.4 | 1.3 | 682072 | 493415 |
| 1791-107 | Þorgerðarstaðir | Randalínusel | tóft | | kvíar | | 800 | 1700 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.4 | 1.0 | 682060 | 493379 |
| 1791-108 | Þorgerðarstaðir | | gata | | leið | | 1000 | 1900 | vel greinanleg | | hætta | gróður | | | | 683251 | 495027 |
| 1791-109 | Sturluflöt | Fellshús | Mannvistar-leifar | | beitarhús, híbýli | | 800 | 1900 | sést ekki | | mikil hætta | rasks | 0.0 | 0.0 | 1.0 | 685906 | 497051 |
| 1791-110 | Sturluflöt | | þúst | | óþekkt | | 800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.3 | 0.0 | 685848 | 497071 |
| 1791-111 | Sturluflöt | Fellsrétt | hleðsla | | rétt | | 1700 | 1950 | heillegar | | engin hætta | | 0.4 | 0.7 | 0.0 | 685970 | 497259 |
| 1791-112 | Hofteigur | | tóft | | skáli | | 800 | 1300 | greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.4 | 1.0 | 689052 | 545481 |
| 1791-113 | Hofteigur | | tóft | | rétt | óþekkt | 800 | 1300 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.5 | 1.0 | 688920 | 545479 |
| 1791-114 | Hofteigur | | tóft | niðurgröftur | óþekkt | jarðhýsi | 800 | 1300 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.5 | 0.6 | 0.6 | 688934 | 545482 |
| 1791-115 | Hofteigur | | tóft | | óþekkt | | 800 | 1300 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.4 | 1.0 | 688871 | 545470 |
| 1791-116 | Hofteigur | | þúst | tóft | óþekkt | | 800 | 1300 | greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.2 | 1.0 | 688996 | 545483 |
| 1791-117 | Hofteigur | | garðlag | | óþekkt | | 800 | 1300 | greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.3 | 2.0 | 689087 | 545505 |
| 1791-118 | Hofteigur | | garðlag | | óþekkt | | 800 | 1300 | greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.3 | 1.5 | 689062 | 545510 |
| 1791-119 | Hofteigur | | þúst | tóft | óþekkt | | 800 | 1300 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 689077 | 545508 |
| 1791-120 | Hofteigur | | þúst | náttúrulegt | óþekkt | | 800 | 1300 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.2 | 0.0 | 689087 | 545518 |
| 1791-121 | Hofteigur | | þúst | tóft | óþekkt | | 800 | 1300 | greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.1 | 1.0 | 689066 | 545527 |
| 1791-122 | Hofteigur | | þúst | | óþekkt | | 800 | 1300 | greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.6 | 1.0 | 689064 | 545560 |
| 1791-123 | Hofteigur | | þústir | | óþekkt | | 800 | 1300 | greinanleg | | hætta | rofs | 0.1 | 0.4 | 1.0 | 689107 | 545519 |
| 1791-124 | Freyshólar | Kiðutættur | tóft | | óþekkt | kofi | 800 | 1700 | greinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.2 | 0.5 | 703910 | 522318 |
| 1791-125 | Freyshólar | Kiðutættur | tóft | | óþekkt | kvíar? | 800 | 1700 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.2 | 0.6 | 703895 | 522215 |
| 1791-126 | Freyshólar | Kiðutættur | tóft | | óþekkt | sel | 800 | 1700 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.2 | 0.6 | 703893 | 522171 |
| 1791-127 | Freyshólar | Kiðutættur | tóft | | óþekkt | kofi | 800 | 1700 | illgreinanleg | | engin hætta | | 0.1 | 0.2 | 0.6 | 703887 | 522200 |

| Númer | Jörð | Sérheiti | Tegund | Annað | Hlutverk | Annað | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Orsök | Hættumat | Orsök | Veggh. frá | Veggh. til | Breidd | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1791-128 | Freyshólar | | tóft | | óþekkt | heytóft? | 1000 | 1900 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 1.0 | 1.0 | 703905 | 522023 |
| 1791-129 | Þingmúli | | tóft | | óþekkt | | 800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.3 | 1.5 | 706277 | 511225 |
| 1791-130 | Þingmúli | | garðlag | | túngarður | | 1700 | 1930 | vel greinanleg | | engin hætta | | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 706168 | 511248 |
| 1791-131 | Þingmúli | Goðasteinn | steinn | | örnefni | | 800 | | heillegar | | engin hætta | | | | | 706181 | 511247 |
| 1791-132 | Vallanes | | garðlag | | túngarður | | 1800 | 1900 | vel greinanleg | | mikil hætta | trjárækt | | 2.0 | 1.0 | 708426 | 529456 |
| 1791-133 | Vallanes | Pálshús? | hleðsla | tóft | óþekkt | fjárhús | 1700 | 1900 | greinanleg | | mikil hætta | trjárækt | 0.4 | 0.4 | 2.0 | 708442 | 529474 |
| 1791-135 | Vallanes | | hleðsla | | matjurtagarður | | 1800 | 1900 | greinanleg | | hætta | trjárækt | 0.3 | 0.7 | 1.0 | 708465 | 529481 |
| 1791-136 | Vallanes | | hleðsla | | óþekkt | | 1800 | 1900 | greinanleg | | hætta | trjárækt | 0.5 | 0.5 | 0.7 | 708452 | 529474 |
| 1791-137 | Vallanes | | hleðsla | | matjurtagarður | | 1800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.2 | 0.0 | 708462 | 529552 |
| 1791-138 | Vallanes | | tóft | | óþekkt | heytóft | 800 | 1900 | greinanleg | | engin hætta | | 0.3 | 0.4 | 1.0 | 708470 | 529575 |
| 1791-139 | Vallanes | | tóft | | óþekkt | | 1800 | 1950 | greinanleg | | engin hætta | | 0.2 | 0.5 | 1 | 708477 | 529585 |
| 1791-140 | Tunghagi | | tóft | | sel | | 800 | 1800 | greinanleg | | engin hætta | | | | | 711647 | 522024 |